



Ársskýrsla 2019



Efnisyfirlit

Formáli sambandsstjóra	5
Stjórn Ungmennasambands Borgarfjarðar 2019 - 2020	6
Afreksmannasjóður UMSB	7
Nokkur af verkefnum UMSB árið 2019	9
Sambandsþing UMSB í Brautartungu.....	13
Samningur undirritaður við KPMG	15
Dansað fyrir sýnum karakter	15
Úthlutun starfsstyrkja.....	15
Pannavellir í samtarfi við Borgarbyggð	15
Íþróttaskiptimarkaður UMSB	16
Héraðsmót í sundi	16
Hreyfivika UMFÍ.....	16
Formannafundur UMSB.....	17
Viðurkenningar.....	23
Íþróttamaður Borgarfjarðar 1980 - 2019.....	30
Íþróttamaður Borgarfjarðar 1980 - 2019.....	31
Ársskýrslur aðildarféлага	32
Körfuknattleiksdeild Skallagríms	32
Hestamannafélagið Borgfirðingur	35
Golfklúbburinn Glanni	38
Ungmennafélagið Björn Hítðælakappi.....	40
Frjálsíþróttafélag Borgarfjarðar	40
Umf. Íslendingur.....	42
UMF. Stafholtstungna.....	43
Umf. Dagrenning	46
Umf. Reykdælir	47
Ársskýrsla Ungmenna- og íþróttafélags Hvalfjarðarsveitar 2019.....	49
Gólfklúbbur Borgarness	52
Lög Ungmennasambands Borgarfjarðar	56
Ársreikningur 2019	60

Skýrsla 2019 lögð fram á 98. Sambandsþingi Ungmennasambands Borgarfjarðar.

Uppsetning: Sigurður Guðmundsson.

Prentun: Fjölritunar- og útgáfubjónustan.



Formáli sambandsstjóra

Kæru félagar

Nú hef ég verið sambandsstjóri UMSB í eitt ár. Þessi tími hefur verið mér mjög gefandi og skemmtilegur. Það eru forréttindi að starfa innan vébanda UMSB og verða vitni að því fórnfúsa sjálfbóðaliðastarfi sem er unnið innan félaga og deilda sambandsinsfélagsins. Starf sjálfbóðaliðans er grundvöllur þessa frábæra starfs sem er unnið innan vébanda UMSB.

Haldið var sambandsþing í Brautartungu árið 2019, þar tók Ungmennafélagið Dagrenning á móti okkur. Farið var yfir helstu málefni og árið gert upp. Starfsmerki UMFÍ fengu að þessu sinni Ásgeir Ásgeirsson, Guðríður Ebba Pálsdóttir og Hrönn Jónsdóttir. Guðmundur Þorsteinsson á Skálpastöðum fékk gullmerki UMFÍ. UMSB færir þessum öflugum sjálfbóðaliðum enn og aftur bestu þakkir fyrir góð störf.

Mörg verkefni koma inn á borð UMSB enda er það hlutverk UMSB að vera stuðningur við aðildarfélögin. Við erum með gott fólk til að sinna þessum verkefnum sem eru boðin og búin og hokin reynslu þegar að kemur að starfi ungmennahreyfingarinnar bæði í héraði og á landsvísu.

Hér í þessum pistli verður ekki reynt að telja upp einhver sérstök verkefni sem að UMSB hefur staðið fyrir eitt og sér, í samvinnu við Borgarbyggð eða aðildarfélög, til þess eru þau of mörg en ég mun hér nefna nokkur verkefni sem að eru í gangi eða liggja fyrir og munu lita starfið næsta ár.

LM50+

Undirbúningur er á fullu fyrir Landsmót UMFÍ 50+ sem verður haldið í Borgarbyggð dagana 19.-21. júní á næsta ári. Þetta mót er alltaf að stækka og sífellt fleiri þátttakendur vilja taka þátt í skemmtilegum íþróttagreinum. Eins og áður verður boðið upp á greinar sem margir þekkja og hafa vakið heilmikla athygli, þar á meðal hinn klassíski pönnukökubakstur, stígvélakast, boccía og ringó. Til viðbótar munum við á þessu landsmóti bjóða upp á nýjar greinar sem eru knattspyrna, körfubolti, hlaupagreinar og ýmsar fleiri spennandi greinar. Til viðbótar verður heilmikil afþreying í boði fyrir alla þátttakendur. Öflug undirbúningsnefnd hefur þegar tekið til starfa fyrir þetta mót en ljóst er að enn og aftur þarf að virkja okkar öfluga sjálfbóðaliðanet til að þetta mót verði sem glæsilegast í alla staði.

ULM

Góður hópur frá UMSB fór til Hafnar í Hornafirði og tók þátt í ULM 2019. Þetta mót er hápunktur ársins fyrir mjög margt af okkar fólk. Á þessu móti kristallast bestu gildi hreyfingarinnar okkar; heiðarleiki, metnaður, samvinna og virðing. Þarna er ungt fólk að etja kappi í ýmsum greinum með sínum forráðamönnum. Greinarnar sem eru í boði og fyrirkomulagið, býður upp á það að allir geta tekið þátt á sínum forsendum, hvort heldur er með sínu aðildarfélagi eða með vinum úr öðrum héruðum. Sérstakt gleðiefni var að í lok móts var tilkynnt að UMSB og Borgarbyggð fá að halda ULM 2022 í Borgarbyggð.

Hækkun starfsstyrkja

Á síðasta sambandsþingi í Brautartungu var samþykkt tillaga þess efnis að óska eftir hækkun starfsstyrkja frá Borgarbyggð til handa aðildarfélögum. Skemmst er frá því að segja að starfsstyrkir til félaga innan UMSB voru hækkaðir um 25% á fjárhagsáætlun fyrir árið 2020.

Styrkurinn hefur fram til þessa tekið mið af neysluvísitölu hvers árs. Það er ekki sjálfgefið að ná slíkri hækkun fram og er það fyrst og fremst að þakka því að þið aðildarfélög hafið verið fyrirmynd og sýnt í verkum ykkar hversu mikilvægt starf þið vinnið.

Í ársskýrslunni eru talin upp mörg önnur og góð verkefni sem hafa verið unnin á árinu og þegar það er tekið saman þá kemur svo glögglega í ljós hversu mikið og gott starf er unnið innan vébanda UMSB. Þið eigið hrós skilið kæru félagar. Takk fyrir samstarfið, stuðninginn, frumkvæðið og fyrst og fremst ykkar frábæra framlag til betra lífs.

Bragi Þór Svavarsson

Sambandsstjóri UMSB

Stjórn Ungmennasambands Borgarfjarðar 2019 - 2020

Sambandsstjóri	Bragi Þór Svavarsson
Varasambandsstjóri	Guðrún Þórðardóttir
Vara varasambandsstjóri	Hafdís Ósk Jónsdóttir
Gjaldkeri	Sigríður Bjarnadóttir
Varagjaldkeri	Eyjólfur Kristinn Örnólfsson
Ritari	Bjarni Þór Traustason
Vararitari	Ástríður Guðmundsdóttir
Meðstjórnandi	Rakel Guðjónsdóttir
Meðstjórnandi	Þórhildur María Kristinsdóttir

Starfsfólk UMSB

Framkvæmdarstjóri	Sigurður Guðmundsson
Tómstundastjóri	Sigríður Dóra Sigurgeirsdóttir



Afreksmannasjóður UMSB

Afreksmannasjóður UMSB var stofnaður á 86.sambandsþingi UMSB, þann 13.mars 2008 og var stofnframlagði styrkur frá Orkuveitu Reykjavíkur að upphæð 500.000,-kr.

Tekjur sjóðsins er hlutfall af lottótekjum UMSB samkv. reglugerð, vaxtatekjur, og önnur framlög. Heimilt er að úthluta 75% af tekjum sjóðsins á hverju árið. Umsóknum í sjóðinn skal skila fyrir 1. mars en stjórn hefur heimild til að úthluta úr sjóðnum ef sérstaklega stendur á þess fyrir utan.

Stjórn sjóðsins er skipuð þeim Rósu Marinósdóttur, Írisi Grönfeldt og Páli Brynjarssyni og sá stjórn sjóðsins alfarið um yfirferð umsókna og úthlutun úr sjóðnum.

Eftirtaldir hlutu styrk fyrir afrek sín á árinu 2017:

Arnar Smári Bjarnason, körfuknattleikur	70.000
Bjarni Guðmann Jónsson, körfuknattleikur	70.000
Bjarki Pétursson, golf	170.000
Daði Freyr Guðjónsson, dans	120.000
Máni Hilmarsson hestaþróttir	170.000
Sigurður Aron Þorsteinsson, körfuknattleikur	70.000

Eftirtaldir hlutu styrk fyrir árið 2018

Alexandra Rán Guðnýjardóttir, kraftlyftingar	50.000
Guðrún Karítas Hallgrímsdóttir, frjálssar	50.000
Marinó Þór Pálmason, körfuknattleikur	80.000
Bjarni Guðmann Jónsson, körfuknattleikur	120.000
Sigrún Ámundadóttir, körfuknattleikur	120.000

Hvert aðildarfélag hefur rétt til að senda fulltrúa á sambandsþing. Fulltrúafjöldinn miðast við

Félag	Fjöldi félagsmanna	Þingfulltrúar
UMF.Íslendingur	269	2
UMF.Dagrenning	61	1
UMF.Reykðælir	206	2
UMF.Stafholtstungna	166	2
UMF.Egill Skallagr.	47	1
UMF.Skallagrímur	1.566	13
UMF. Björn Hítid.	61	1
HMF. Borgfirðingur	488	4
GK Borgarness	195	2
GK Glanni	62	1
GK Húsafells	24	1
GK. Skrifla	11	1
Dansípróttafélag Borgarfjarðar	61	1
Ungmenna og ípróttaf. Hvalfjarðarsv.	84	1
Frjálsípróttaf. Bgf.	68	1
Mótorsportfélag Borgarfjarðar	108	2
Skotfélag Vesturlands	104	2
Samtals	3.581	38

Úr lögum UMSB

Hvert aðildarfélag hefur rétt á að senda fulltrúa á sambandsþing. Fulltrúafjöldinn miðast við einn fulltrúa á hverja byrjaða 100 skattskylda félaga við undangengin áramót að 1000 félögum en einn fulltrúa fyrir hverja 200 félaga þar fyrir ofan. Formenn aðildarfélaganna (eða staðgenglar þeirra) eru sjálfkjörnir á þing sem fyrstu fulltrúar sinna félaga.

Atkvæðisrétt á sambandsþing hafa einungis kjörnir fulltrúar aðildarfélaganna. Einfaldur meirihluti ræður úrslitum atkvæðagreiðslna nema um lagabreytingu sé að ræða.

Nokkur verkefna UMSB árið 2019

UMSB sinnir fjölmörgum verkefnum ár hvert. Gaman er að sjá hversu fjölbreytt starfið er og mikill fjöldi fólks á mismunandi aldri sem kemur að starfinu á einn eða annan hátt. Saman getum við meira. Hér gefur að líta innsýn nokkur þeirra verkefna sem unnin voru á nýliðnu ári.

Íþróttamaður Borgarfjarðar 2019

Íþróttamaður Borgarfjarðar haldinn við hátíðlega athöfn í Hjálmakletti 5. janúar. Um tvö hundruð manns heiðruðu íþróttafólkið okkar með nærveru sinni. Auk þess að veita tíu íþróttamönnum viðurkenningu heiðruðu aðildarfélag UMSB íþróttafólk sitt. Í ár var Bjarki Pétursson kjörinn íþróttamaður Borgarfjarðar. Kjörið var spennandi þar sem afar litlu munaði á milli íþróttamanna.

Tilnefndir voru:

Alexandrea Rán Guðnýjardóttir, kraftlyftingar

Alexandrea Rán Guðnýjardóttir hefur æft kraftlyftingar í tæp þrjú ár. Aðalgrein hennar er bekkpressa og keppir hún í -57 kg flokki junior kvenna þar sem hún setti samtals 7 Íslandsmet á árinu. Alexandria er einbeitt og skipulögð í öllu sem hún tekur sér fyrir hendur og leggur mikinn metnað í að gera vel og ná árangri. Alexandria var í desember 2018 valin í landslið Íslands fyrir árið 2019. Sem fulltrúi landsins tók hún þátt í þremur mótum á erlendri grundu, þ.e. Norðurlandamóti, Evrópumóti og Heimsmeistaramóti. Hún stóð sig mjög vel á þessum mótum, náði verðlaunasæti á tveimur þeirra og jafnaði eða bætti Íslandsmet á þeim öllum.

Birgitta Dröfn Björnsdóttir, dans

Birgitta Dröfn hefur mikinn metnað fyrir íþrótt sinni og stundar æfingar af kappi. Árið 2019 hefur hún dansað við Björn Sverri Ragnarsson. Voru þau valin til að keppa fyrir landslið Íslands árið 2019. Birgitta æfir 7 sinnum í viku í 2-3 tíma í senn. Árið 2019 náði hún góðum árangri á þeim mótum sem þau kepptu á og var í 14. sæti á Freedom Dance Cup í Póllandi og 40. sæti af 120 þörum á Imperial í Bretlandi. Á þeim mótum sem þau kepptu í á Íslandi lentu þau í fyrsta sæti.

Bjarki Pétursson, golf

Bjarki var í sigurliði Kent State í Mid-American Conference 2019. Hann spilar fyrir hönd Íslands á Evrópumóti einstaklinga og liða í Austurríki og í Svíþjóð. Bjarki var sá áhugamannakylfingur sem var á besta skori á atvinnumannamóti í Finnlandi sem er á vegum Nordic League mótaraðarinnar. Hann er einn 5 Íslendinga sem hafa unnið sér inn keppnisrétt í Challenge Tour mótariðinni. Bjarki er eini áhugakylfingurinn í heiminum árið 2019 til þess að komast í gegnum 2. stig og spila á 3. stigi fyrir Evrópumótaröðina í golfi. Sterkasta mótariðin í Evrópu og næst sterkasta í heiminum.

Bjarki hefur sýnt það og sannað með árangri sínum sem áhugamaður í golfi að hann hefur skýra markmiðssetningu í nálgun sinni á íþróttinni. Nú er hann á stóra sviðinu, meðal bestu áhugamanna í golfi.

Brynjar Snær Pálsson, knattspyrna

Brynjar hóf ungur að æfa íþróttir og fljótlega varð ljóst að hann var mjög efnilegur bæði í fótbolta og körfubolta. Brynjar var í leikmannahópi meistaraflokks ÍA árið 2019 og lék sinn fyrsta leik í Pepsi-Max efstu deild á Íslandi. Hann var einn af lykilmönnum í 2. flokki (17-19 ára) ÍA-Kára-Skallagríms sem varð Íslandsmeistari annað árið röð. Liðið vann titilinn með yfirburðum og fór taplaust í gegnum mótið. Liðið tapaði úrslitaleik bikarkeppinnar eftir framlengdan leik. Lið ÍA-Kára-Skallagríms tók þátt í Evrópukeppni ungmennaliða haustið 2019 og náði mjög góðum árangri. Liðið varð fyrsta íslenska liðið til að komast áfram í aðra umferð, en liðið vann eistnesku meistarana frá Lavadia með yfirburðum. Í annari umferð mættu þeir Englandsmesturum Derby County og töpuðu fyrir þeim.

Bjarni Guðmann Jónsson, körfuknattleikur

Bjarni var einn af lykilleikmönnum U20 landsliðs Íslands á vegum KKÍ sem lék á Evrópumótinu í Portúgal sumarið 2019. Bjarni spilar nú á fullum skólustyrg fyrir Forth Hayes í 2. deild NCCA háskólaboltans sem er mikil viðurkenning og eru það einungis mjög frambærilegir íþróttamenn sem komast að í slíkum skólum á fullum skólustyrg.

Bjarni var lykilleikmaður í meistaraflokki Skallagríms karla í efstu deild veturinn 2018-2019. Hann var í byrjunarliði Skallagríms í öllum leikjum liðsins á tímabilinu og er mjög traustur leikmaður sem skilar mjög jöfnu framlagi fyrir liðið og hefur verið að bæta tölfræði sína jafnt og þétt. Varnarleikur Bjarna er einn af hans helstu styrkleikum auk baráttu hans á vellinum.

Bjarni fékk viðurkenningu sem besta leikmaður Skallagríms á lokahófi í vor. Frammistaða hans síðustu tvö ár tryggði honum síðan fullan skólstyrk í 2. deild háskólaboltans í Bandaríkjunum sem er talsvert afrek.

Guðrún Karitas Hallgrímsdóttir, frjálssar íþróttir

Guðrún leggur mesta áherslu á sleggjukast sem er hennar aðalgrein, árið 2019 hefur hún bætt sig úr 47,19m sem var besta árangur 2018 í 54,35m árið 2019. Hvoru tveggja með 3kg kúlu. Auk þessa hefur hún keppt í fullorðins flokki með 4kg sleggju og þar á hún best 48,69m. Guðrún náði mjög góðum árangri á árinu en hún var reglulega í verðlaunasæti á þeim mótum sem hún tók þátt í.

Guðrún er afar samviskusöm við allt sem hún tekur sér fyrir hendur. Hún hefur mikinn áhuga og er alveg kolfallin fyrir sleggjukastinu. Hún hefur tekið miklum framförum síðustu 2 ár undir leiðsögn þjálfara ÍR og verður afar spennandi að fylgjast með áframhaldandi framförum hjá henni.

Helgi Guðjónsson, knattspyrna

Helgi spilaði með meistaraflokki Fram á árinu 2019. Hann var einn af burðarásam liðsins og spilaði alla leiki bæði keppnisleiki og æfingaleiki liðsins á árinu og var ávallt í byrjunarliðinu. Helgi var markahæstur í Inkasso- deildinni árið 2019 og skoraði hann 15 mörk í 22 leikjum. Í deild og bikar spilaði Helgi 25 leiki og skoraði 19 mörk. En alls lék hann 33 keppnisleiki fyrir Fram og skoraði í þeim 25 mörk. Þá má geta þess að hann skoraði 6 mörk fyrir Fram í 9 æfingaleikjum. Fram spilaði alls 42 keppnis- og æfingaleiki árið 2019 og skoraði Helgi í þeim 31 mark. Hann var valinn í lið ársins í Innkasso-deildinni ásamt því að vera valinn efnilegasti leikmaðurinn í vali fyrirliða og þjálfara deildarinnar. Helgi samdi í lok árs 2019 við Víking í Reykjavík og mun spila með þeim á komandi tímabili í efstu deild.

Kristín Þórhallsdóttir, kraftlyftingar

Kristín hefur æft og kepp í íþróttum í fjölda ára. Kristín byrjaði að æfa kraftlyftingar 2019 því er óhætt að segja að árangur hennar sé frábær. Áður keppti hún í frjálsum íþróttum.

Kristín keppi í opnum flokki kvenna í klassískum kraftlyftingum (þ.e. án búnaðar). Hún keppi innan Kraftlyftingasambands Íslands sem er innan ÍSÍ og IPF. Hún byrjaði að æfa í mars 2019 og keppti á 3 mótunum á árinu. Hún náði sínum besta árangri á Íslandsmeistaramótinu í

klassískum kraftlyftingum í september. Þar varð hún Íslandsmeistari í -84 kg flokki kvenna með 417,5 kg í samanlögðu.

Með þeim árangri tryggði hún sér sæti í landslið Íslands í klassískum kraftlyftingum og lágmark á EM.

Randi Holaker, hestaíþróttir

Randi Holaker er góð fyrirmynd, hógvær og góður íþróttamaður og alltaf tilbúin að gefa af sér. Markmið hennar er að halda áfram að bæta sig í greininni og gera enn betur. Hún er metnaðarfull í störfum sínum sem reiðkennari og keppnismaður og mætir til leiks á mótum með vel þjálfaða og vel hirta gæðinga. Randi stóð sig vel á þeim mótum sem hún keppti á og vann reglulega til verðlauna á þeim mótum sem hún keppti á.

Sigursteinn Ásgeirsson, frjársar íþróttir

Sigursteinn stundar í dag æfingar hjá ÍR en keppir enn fyrir hönd UMSB. Hann er í dag í fremstu röð í sínum aldursflokki og náði þeim árangri í sumar að ná lágmarki og fara fyrir Íslands hönd á Norðurlandamót 19 ára og yngri þar sem hann varð í sjöunda sæti. Hann hefur einnig náð lágmarki inn í úrvalshóp unglunga 15-19 ára á Íslandi. Sigursteinn er skemmtilegur liðsfélagi með mikinn húmor, hæglátur en til í flest. Hann hefur mikinn metnað í sínum greinum og er mikill keppnismaður. Gaman verður að fylgjast með honum í framtíðinni.



Úrslit

1. sæti: Bjarki Pétursson, golf
2. sæti: Alexandra Rán Guðnýjardóttir, kraftlyftingar
3. sæti: Bjarni Guðmann Jónsson, körfuknattleikur
4. sæti: Helgi Guðjónsson, knattspyrna
5. sæti: Brynjar Snær Pálsson, knattspyrna

Sambandsþing UMSB í Brautartungu

97. sambandsþing UMSB var haldið miðvikudaginn 6. mars í Brautartungu í Lundareykjardal. Ungmennafélagið Dagrenning sá um framkvæmd þingsins og tók vel á móti þingfulltrúum með góðum veitingum. Dagskrá þingsins var hefðbundin og í samræmi við lög sambandsins.

Góðir gestir komu á þingið og ávörpuðu fundarmenn. Gunnlaugur Júlíusson, sveitarstjóri, kom fyrir hönd Borgarbyggðar, Hafsteinn Pálsson fyrir ÍSÍ og Guðmundur Sigurbjörnsson fyrir UMFÍ.

Guðmundur heiðraði nokkra sjálfboðaliða UMSB. Starfsmerki UMFÍ fengu að þessu sinni Ásgeir Ásgeirsson, Guðríður Ebba Pálsdóttir og Hrönn Jónsdóttir. Guðmundur Þorsteinsson á Skálpastöðum fékk gullmerki UMFÍ fyrir sitt starf í áranna rás fyrir UMF. Dagrenningu. Guðmundur var þrisvar formaður félagsins á tímabilinu 1964-2011. Einnig var hann ritari stjórnar UMSB 1961-1965. UMSB færir þessum öflugum sjálfboðaliðum bestu þakkar fyrir góð störf.



Þingstörf gengu vel enda reyndir ungmennafélagar sem stýrðu þinginu: Rúnar Hálfánarson stýrði þinginu og ritarar voru systkinin Bjarnheiður Jónsdóttir og Orri Jónson. Þingfulltrúar voru ánægðir að sjá að rekstur UMSB skilaði hagnaði. Mikilvægt er að viðhalda áfram góðum rekstri sambandsins. Samstaða var um þær tillögur sem afgreiddar voru á þinginu og fundarmenn voru sáttir með gott þing. Sveitarfélögum innan UMSB var sérstaklega þakkaður stuðningurinn og samstarfið á liðnu ári. Stuðningur sem þessi gerir UMSB kleift að halda úti öflugum starfi. Alltaf má gera betur og var samþykkt ályktun með áskorun til Borgarbyggðar um

að starfsstyrkir verða hækkaðir. Einnig lá tillaga fyrir þingið þar sem lagt er til að endurvekja íþróttahátíð UMSB sem haldin var hér á árum áður. Hugsunin er að í boði verði þær greinar sem stundaðar eru innan UMSB. Hægt er að hugsa þetta sem „Unglingalandsmót UMSB“.

Á þinginu var kosið í nýja stjórn UMSB. María Júlía Jónsdóttir gaf ekki kost á sér til endurkjörs eftir eitt ár sem sambandsstjóri. Þá hættu einnig þær Kristín Gunnarsdóttir, ritari og Anna Dís Þórarinsdóttir, meðstjórnanda í stjórn sambandsins. Fráfarandi stjórnarmönnum er þakkað fyrir góð störf í þágu sambandsins.

Ný stjórn UMSB skipar því nú: Bragi Þór Svavarsson, sambandsstjóri, Guðrún Þórðardóttir, vara sambandsstjóri, Hafdís Ósk Jónsdóttir, vara varasambandsstjóri, Sigríður Bjarnadóttir, gjaldkeri, Bjarni Traustason, ritari, Raket Guðjónsdóttir, meðstjórnandi, Ástríður Guðmundsdóttir, vara ritari og Eyjólfur Kristinn Örnólfsson, varagjaldkeri.



Íþróttafólkið okkar

Á árinu voru sagðar fréttir af íþróttafólki UMSB sem lenti í fyrstu fimm sætum í kjöri íþróttamanns ársins. Þar fengum við að skyggjast inn í líf þess og t.d. að heyra hvað þeim fannst best að hafa á sína pylsu. Gaman er að sjá þessa hlið á okkar fólki og kynnst þeim á annan hátt.

Samningur undirritaður við KPMG

Ungmennasamband Borgarfjarðar og KPMG hafa átt gott samstarf í nokkur ár um bókhaldsþjónustu. KPMG og UMSB gerður með sér samning þar sem KPMG greiðir UMSB eina milljón árið 2019 til að UMSB og aðildarfélög geti keypt sér ráðgjöf tengda bókhaldi og við gerð ársreikninga. UMSB mun sjá um að útteila fjármunum til aðildarfélaga sinna sem nýtir verða í bókhaldsþjónustu. Aðildarfélögin munu geta valið sér aðila til að sjá um sitt bókhald með þessum styrk. UMSB þakkar KPMG sérstaklega fyrir framlagið, framlag sem þetta er mjög mikilvægt fyrir alla starfsemi UMSB og aðildarfélög þess.

Dansað fyrir sýnum karakter

Dansað var til styrktar „sýnum karakter“ í mars og apríl. Aldís Arna Tryggvadóttir, dans- og hóptímakennari, hélt fjögurra vikna námskeið í dansi þar sem allur ágóði rann í verkefnið. Peningunum verður varið í að fræðslu til sjálfsstyrkingar ungra krakka og ungmenna sem stunda íþróttir.

Úthlutun starfsstyrkja

Öll félög innan UMSB geta sótt um starfsstyrki. Borgarbyggð greiðir styrkina til UMSB sem síðan útteilir til félaganna. Megináherslan er á að styrkja starf með börnum og unglingum yngri en 16 ára og að starfsemin sé á forsendum uppeldislegra gilda og forvarna í víðum skilningi. Starfsemin þarf að fara fram undir leiðsögn hæfra starfsmanna, þannig að fagmennska sé viðhöfð við kennslu og þjálfun barna og unglinga. Þau félög sem sóttu um styrk árið 2019 voru: Gólfklúbbur Borgarness, Körfuknattleiksdeild Skallagríms, UMF. Íslendingur, UMF. Reykdælir, UMF. Stafholtstungur, Knattspyrnudeild Skallagríms, UMF. Dagrenning, Hestamennafélagið Borgfirðingur, Frjálsíþróttafélag Borgarfjarðar. Heildarstyrkir voru kr. 4.441.916 sem skipt var á milli félaga eftir fjölda og lengd æfingátíma, launagreiðslna til þjálfara og því hvort félagið væri fyrirmyndafélag eða ekki.

Pannavellir í samtarfi við Borgarbyggð

UMSB og Borgarbyggð unnu saman að því að setja upp battavelli við allar deildir grunnskóla Borgarfjarðar. Vellirnir voru keyptir í gegnum UMFÍ. Var þetta gert til að auka fjölbreytni í hreyfingu



á skólalóðum. Vellirnir hafa verið mikið notaðir. Auðvelt er að taka vellina upp og gefur það möguleika á að vera með t.d. fótbotamót á þessum völlum.

Íþróttaskiptimarkaður UMSB

UMSB stóð fyrir íþróttaskiptimarkaði sem haldinn var í Hjálmakletti á vordögum. Fólk kom með föt sem það var hætt að nota og fann sér önnur föt í staðinn. Heimilt var að taka eins mikið af flíkum og viðkomandi vildi. Það var ekki skylda að hafa komið með flíkur á markaðinn til að mega taka föt heim. Þarna var að finna íþróttaskó, íþróttafatnað, úlpur, sundföt og venjuleg föt. Óskilamunum sem safnast höfðu upp í grunnskólum Borgarbyggðar og úr íþróttahúsinu í Borgarnesi var safnað saman. Gaman var að sjá að fólk gat nýtt sér mikið af þeim fötum sem voru í boði. Ljóst er að viðburður sem þessi verður haldinn aftur á næsta ári.



Héraðsmót í sundi

Héraðsmót UMSB í sundi var haldið á Kleppjárnsreykjum mánudaginn 13. maí. Stóðu allir sig vel bæði þeir sem voru að keppa í fyrsta skiptið og þeir sem hafa meiri reynslu. Greinilegt er að margir efnilegir sundmenn eru innan UMSB. Því verður gaman að fylgjast með þeim í framtíðinni.

Hreyfivika UMFÍ

UMSB tók þátt í Hreyfiviku UMFÍ dagana 25.05 – 3.06. Hreyfivika UMFÍ er árleg lýðheilsuherferð sem hefur það að markmiði að kynna kosti þess að taka þátt í hreyfingu og íþróttum. UMSB var með dagská þessa daga sem var auglýst og hvatti íbúa til að taka þátt í þeim viðburðum sem voru í boði.

Meðal þess sem boðið var uppá var: Frítt í sund, opið á æfingar hjá félögum, gönguferðir alla dagana víðsvegar um starfssvæði UMSB. Einstaklingar buðu upp á hreyfingu t.d. í Dance Aerobics, Zumba o.fl. Fjölmargir tóku þátt í vikunni og fundu sér hreyfingu við hæfi.

Einnig var boðið upp á fyrirlestra. Björn Rúnar Lúðvíksson, ofurhlaupari, fræddi okkur um mikilvægi þölpjálfunar og sagði okkur frá þeim hlaupum sem hann hefur tekið þátt í. Aldís Arna Tryggvadóttir, markþjálfari, fjallaði um hvernig það að tengjast barninu innra með sér og taka sér börn til fyrirmyndar hafi jákvæð áhrif á heilsu, heilbrigði, hamingju og samskipti við annað fólk. Sjúkraþjálfararnir Raket Guðjónsdóttir og Guðríður Hlíf Sigfúsdóttir fræddu gesti um líkamsvitund og fóru skilmerkilega yfir það hvernig eigi að beita líkamanum rétt í daglegu lífi.



Formannafundur UMSB

Formannafundur UMSB eru haldnir tvisvar á ári á vorin og á haustin. Formannafundur var haldinn 19. júní í Hjálmakletti. Þar voru komnir saman flest allir formenn félaga og deilda innan UMSB. Mjög öflugir sjálfboðaliðar eru í félögum og deildum innan UMSB sem stýra félögum og deildum. Á fundinum var kynning á samstarfi UMSB og Borgarbyggðar en samningur er á milli UMSB og Borgarbyggðar um allt íþróttasatarfi í sveitafélaginu. Mestur tími fór í hópavinnu. Lagðar voru fyrir spurningar eins og: *Hvernig geta félög og deildir unnið betur saman? Hvernig er best að vinna með sameiginlega þjálfara milli félaga/deilda? Er grundvöllur fyrir því að sameina félög/deildir? Hver eru helstu tækifæri innan félaga/deilda UMSB?* Ákveðið var að vinna úr niðurstöðum og kynna á formannafundi um vorið.

Seinni formannafundurinn var haldinn fimmtudaginn 31. október í Þinghamri. Á fundinum var farið yfir hið margþætta starf sem UMSB hefur staðið fyrir að undanfögnu. Fyrir liggur einnig að stór verkefni eru á döfinni á næstu árum hjá UMSB og ber helst að nefna Landsmót UMFÍ 50+ sem verður haldið í Borgarnesi dagana 19. – 21. júní sumarið 2020. Unglingalandsmót UMFÍ verður svo haldið í Borgarnesi árið 2022. Vinna er nú



Þegar hafin við undirbúning á Landsmóti UMFÍ 50+ en vinna við Unglingalandsmót hefst á næsta ári fyrir alvöru. Aðal umræða fundarins var yfirferð niðurstaðna formannafundar sem haldinn var í vor. Farið var yfir hópavinnu sem unnin var með formönnum á síðasta formannafundi þar sem þeir svöruðu nokkrum spurningum varðandi styrkleika, veikleika og stöðu íþróttahreyfingarinnar hjá sambandinu. Það var gagnlegt og gaman að fara í þá vinnu og kortleggja hvað er gott nú þegar í starfseminni okkar og hvar megi gera betur. Einnig komu fram fjölmörg tækifæri sem við viljum nýta okkur betur og eru rafíþróttir þar ofarlega á blaði. Við óskum því eftir fólki sem hefur áhuga á að koma að því spennandi verkefni með okkur.

Unglingalandsmót UMFÍ Höfn í Hornafirði

Frábært Unglingalandsmót UMFÍ fór fram um verslunarmannahelgina á Höfn í Hornafirði. Þar komu saman börn, unglingar og fjölskyldur til að skemmta sér og taka þátt í hinum ýmsu íþróttagreinum, hefðbundnum sem og óhefðbundnum.



Öflugur hópur um fimmtíu barna og unglinga fór frá UMSB á mótið og voru skráð í flestar þeirra íþróttagreina sem boðið var upp á, þ.m.t. frjálsar íþróttir, fótbolta, kökuskreytingar, strandblak, strandhandbolta, körfubolta og sund. Árangur keppenda var stórgóður þar sem UMSB átti fjölmarga sigurvegara á mótinu sem og marga sem komust á pall. Einnig var ánægjulegt að sjá keppendur spreyta sig í greinum sem þeir hafa ekki áður stundað til gleði og gamans. Aðdáunarvert var að fylgjast með dyggum hópi foreldra sem stóðu þétt við bakið á börnum sínum frá morgni til kvölds. Stuðningur foreldra skiptir sköpum varðandi íþróttáhuga og -ástund barna. Á laugardagskvöldið efndi UMSB til sameiginlegrar grillveislu þar sem hópurinn átti skemmtilega kvöldstund saman.



Landsmót UMFÍ 50+ Neskaupsstað

Landsmót UMFÍ 50 + var haldið á Neskaupsstað árið 2019. Frá upphafi hafa keppendur frá UMSB verið duglegir að mæta á mótið. Í ár var góður hópur sem tók þátt í fjölbreyttum keppnisgreinum. Þó að mikið sé lagt upp með keppni þá er eitt helsta markmið með mótinu að hafa gaman saman. Kvöldvaka er haldin á laugadagskvöldinu sem vel er sótt. Þar er borðaður góður matur og dansað fram eftir. Landsmót UMFÍ 50+ verður haldið í Borgarnesi árið 2020 og erum við full tilhlökkunar að vera framkvæmdaaðilar þessa jákvæða og skemmtilega verkefnis.



Lýðheilsugöngur 2019

UMSB og Borgarbyggð í samstarfi við Ferðafélag Íslands buðu uppá göngur alla miðvikudaga í september við góðar undirtektir. Göngurnar voru hugsaðar í 60-90 mínútur og fyrir alla aldurshópa. 4. september var Gengið um Skóræktina í Reykholti og um Reykholtstað.



Ingibjörg Inga Guðmundsdóttir leiddi gönguna.

11. september var gengið upp á Hestfjall. *Kristján Guðmundsson leiddi þá göngu.* 18. september var gengið upp með Grímsá Lundareykjardal og hún gengin að hluta. *Sigurður Hannes Sigurðsson leiddi gönguna.*



25. september var síðasta gangan og gengið var upp að „steini“ á Hafnarfjalli. *Ungmennni frá Borgarbyggð leiddu gönguna.*

Þing og formannafundir UMFÍ og ÍSÍ

Árlega sendir UMSB fulltrúa á þing UMFÍ og ÍSÍ eða formannafundi UMFÍ og ÍSÍ.

Íþróttáþing ÍSÍ var haldið í Gullhömrum í Reykjavík 3.-4. maí 2019. Fulltrúar UMSB voru Bragi Þór Svavarsson og Sigurður Guðmundsson. Sambandsþing UMFÍ var haldið 14. október á Laugarbakka. Fulltrúar UMSB á þingið voru: Bragi Þór Svavarsson, Sigurður Guðmundsson, Ástríður Guðmundsdóttir, Guðrún Þórðardóttir, Hallbera Eiríksdóttir og Rakel Guðjónsdóttir. Hallbera Eiríksdóttir var kosin í stjórn UMFÍ til næstu fjögurra ára. Formannafundur ÍSÍ var haldinn 29. nóvember í Reykjavík og voru fulltrúar á fundinum Bragi Þór Svavarsson og Sigurður Guðmundsson.



Ferð til Danmerkur

Markmið ferðarinnar var að hitta forsvarsmenn DGI – Danmarks Gymnastik – og Idrætsforeninger – sem eru systrasamtök UMFÍ Danmörku. Hópurinn fékk kynningu á starfi DGI, Hreyfivíkunni og fleiri verkefnum ISCA sem miða að því að fá fleiri til að hreyfa sig, ISCA – International Sport and Culture Association, eru samtök ýmissa grasrótarsamtaka á sviði íþróttar, almenningsíþróttar og menningar. Sigurður Guðmundsson, framkvæmdastjóri, UMSB hélt utan fyrir hönd UMSB.

Sýnum karakter

UMSB hefur verið að innleiða verkefnið „Sýnum karakter“ inn í starf aðildarfélaganna UMSB. Innleiðingin hefur falist í opnum fyrirlestrum, lokuðum fundum með þjálfurum deilda og félaganna ásamt því að þjálfarar hafa fengið efni til að vinna með í hverjum mánuði. Félög og deildir hafa tekið vel í þetta verkefni. Mikilvægt er að þjálfarar kynni sér verkefnið vel og haldi áfram að vinna eftir því.




Ungt fólk



Fulltrúar UMSB og Borgarbyggðar fóru á ráðstefnunni „Ungt fólk og lýðræði“ sem haldin var í Borgarnesi 10. – 12 apríl. Fulltrúar UMSB og Borgarbyggðar voru Þorsteinn Unnar, Emma Sól og Bjartur Daði. Yfirskrift ráðstefnunnar var „Betri ég! Hvernig get ég verið besta útgáfan af sjálfum mér?“



Tölur eftir árið 2019

Mikilvægt er að fylgjast með fjölda þeirra sem stunda íþróttir og tómstundir innan UMSB þannig að hægt sé að fylgjast með þróun mála, t.d. brottfalli. Töflurnar sem eru hér að neðan eru upplýsingar úr Nóra sem og tölur frá grunnskólum Borgarbyggðar.





Viðurkenningar

GULLMERKI ÍSÍ

1982	Ófeigur Gestsson
2002	Einar B. Jónsson
2002	Albert Guðmundsson
2002	Sigríður Guðmundsdóttir
2002	Ingimundur Ingimundarson
2010	Rósa Marinósdóttir
2011	Guðmundur Sigurðsson

GULLMERKI UMFÍ

1987	Jón G. Guðbjörnsson
1992	Þórir Jónsson
2001	Ingimundur Ingimundarsson
2001	Magnús Jakobsson
2010	Ásdís Helga Bjarnadóttir
2011	Guðmundur Sigurðsson
2018	Rósa Marinósdóttir
2019	Guðmundur Þorsteinsson
2019	Hrönn Jónsdóttir



STARFSMERKI UMFÍ

1971 Kristófer Þorgeirsson
 1975 Bjarni Valtýr Guðjónsson
 1975 Ingimundur Ingimundarsson
 1975 Jón G. Guðbjörnsson
 1977 Gunnlaugur Árnason
 1978 Bjarni G. Sigurðsson
 1978 Diðrik Jóhannsson
 1980 Bjarni Skarphéðinsson
 1980 Vigfús Pétursson
 1982 Ófeigur Gestsson
 1982 Helgi Bjarnason
 1983 Gísli V. Halldórsson
 1986 Þiðrik Baldvinsson
 1989 Sigríður Þorvaldsdóttir
 1989 Jón Þórisson
 1993 Einar Ole Pedersen
 1994 Þorvaldur Jónsson
 1995 Guðmundur Sigurðsson
 1997 Kristmar J. Ólafsson
 1997 Jóna Björg Kristinsdóttir
 1997 Ármann Bjarnason
 1997 Steinunn Garðarsdóttir
 1998 Einar Kristján Jónsson
 1999 Rósa Marinósóttir
 2001 Ásdís Helga Bjarnadóttir
 2002 Þórður B. Bachmann
 2002 Guðjón Guðmundsson
 2002 Kristín Gunnarsdóttir
 2006 Torfi Jóhannesson
 2008 Veronika Sigurvinsdóttir
 2008 Álfheiður Marinósóttir
 2009 Jóhann Pálsson
 2010 Sólrún Halla Bjarnadóttir
 2011 Helgi Björn Ólafsson
 2012 Eyjólfur Hjálmsón
 2012 Agnes Guðmundsdóttir
 2012 Friðrik Aspelund
 2015 Stefán Logi Haraldsson
 2016 Pálmi Ingólfsson
 2017 Íris Grönfeldt
 2018 Kristján Gíslason
 2018 Flemming Jessen
 2019 Ásgeir Ásgeirsson
 2019 Guðríður Ebba Pálsdóttir
 2019 Hrönn Jónsdóttir

GULLMERKI UMSB

1977 Björk Ingimundardóttir
 1982 Sigurður R. Guðmundsson
 1982 Vilhjálmur Einarsson
 1983 Vilhjálmur Einarsson
 1988 Gísli Halldórsson
 1990 Ingimundur Ingimundarson
 1992 Bjarni Bjarnasson
 1992 Björg Kristófersdóttir
 1992 Geir Sævar Geirsson
 1992 Guðmundur Sigurðsson
 1992 Rósa Marinósóttir
 1992 Sigríður Þorvaldsdóttir
 1992 Þuríður Jóhannesdóttir
 1992 Þórir Jónsson
 1993 Bjarni Valtýr Guðjónsson
 1996 Ingunn Jóhannesdóttir
 1998 Birgir Karlsson
 1999 Einar Ole Pedersen
 2002 Þorsteinn Viggósson
 2002 Jófríður Hanna Sigfúsdóttir
 2002 Íris Grönfeldt
 2002 Karl Torfason
 2004 Ásdís Helga Bjarnadóttir



SAMBANDSSTJÓRAR UMSB

Páll Zóphóníasson	Hvanneyri	1912-1913,1914-1915,1916,1917
Jón Hannesson	Deildartungu	1913-1914,1917-1918
Andrés Eyjólfsson	Síðumúla	1915-1916
Guðmundur Jónsson	Hvítárbakka	1918-1919
Kristinn Guðmundsson	Hvanneyri	1919-1920
Jóhannes Jónsson	Efranesi	1920-1921
Björn Guðmundsson	Eyri Flókadal	1921-1922
Kristján Guðmundsson	Indriðastöðum	1922-1923
Magnús Jakobsson	Snældubeinsstöðum	1923-1924
Jón Guðmundsson	Borgarnesi	1924-1926
Friðrik Þorvaldsson	Borgarnesi	1926-1934
Þorgils Guðmundsson	Reykholti	1934-1936
Þorsteinn Jósefsson	Signýjarstöðum	1936-1937
Friðrik Þórðarson	Borgarnesi	1937-1938
Halldór Sigurðsson	Borgarnesi	1938-1943
Þorgils Guðmundsson	Reykholti	1943-1944
Björn Jónsson	Deildartungu	1944-1947,1952-1954
Haukur Jörundarson	Hvanneyri	1947-1950
Snorri Þorsteinsson	Hvassafelli	1954-1958
Ragnar Olgeirsson	Oddsstöðum	1958-1962
Þorsteinn Sigurðsson	Brúarreykjum	1962-1964
Guðmundur Sigurðsson	Borgarnesi	1964-1967
Vilhjálmur Einarsson	Reykholti	1967-1973
Jón G Guðbjörnsson	Lindarholvi	1973-1975
Hjörtur Þórarinnsson	Kleppjárnsreykjum	1975-1976
Ófeigur Gestsson	Hvanneyri	1976-1978,1980-1982
Eiríkur Jónsson	Kleppjárnsreykjum	1978-1979
Kristófer M Kristinsson	Reykholti	1979-1980
Þuríður Jóhannsdóttir	Jaðri	1982-1983
Þórir Jónsson	Reykholti	1983-1985
Kristján F Axelsson	Bakkakoti	1985-1986
Sigríður Þorvaldsdóttir	Hjarðarholti	1986-1989
Einar Ole Pedersen	Álftártungukoti	1989-1990,1991-1998
Ásmundur Ólafsson	Borgarnesi	1990-1991
Ásdís Helga Bjarnadóttir	Hvanneyri	1998-2002
Torfi Jóhannesson	Hvanneyri	2002-2006
Jóhanna Erla Jónsdóttir	Borgarnesi	2006-2008
Friðrik Aspelund	Hvanneyri	2008-2012
Sigurður Guðmundsson	Borgarnesi	2012-2016
Sólrún Halla Bjarnadóttir	Hvanneyri	2016-2018
María Júlía Jónsdóttir	Borgarnesi	2018-2019
Bragi Þór Svavarsson	Borgarnesi	2019 -

GJALDKERAR UMSB

Gunnlaugur Brím	Reykholti	1922-1923
Kristján Guðmundsson	Indriðastöðum	1923-1924
Páll J Blöndal	Stafholtsey	1924-1935
Ásmundur Jónsson	Deildartungu	1935-1944
Kristleifur Jónsson	Varmalæk	1944-1945
Bogi Þórðarson	Borgarnesi	1945-1947
Þorsteinn Helgason	Borgarnesi	1947-1949
Jón Einarsson	Borgarnesi	1949-1950
Þorsteinn Helgason	Borgarnesi	1950-1952
Jón Einarsson	Kletti	1952-1954
Sigurður Guðbrandsson	Borgarnesi	1954-1956
Bjarni Helgason	Laugalandi	1956-1961
Guðlaugur Torfason	Hvammi	1961-1964
Davíð Pétursson	Grund	1964-1966
Friðjón Árnason	Kistufelli	1966-1968
Óttar Geirsson	Hvanneyri	1968-1972
Ófeigur Gestsson	Hvanneyri	1972-1976
Eiríkur Jónsson	Kleppjárnsreykjum	1976-1978
Helgi Bjarnason	Borgarnesi	1978-1980
Pálmi Ingólfsson	Hálsum	1980-1982
Þorkell Fjeldsteð	Ferjukoti	1982-1985
Sigurborg Viggósdóttir	Rauðanesi	1985-1986
Guðrún Sigurjónsdóttir	Glitstöðum	1986-1988
Jónína Pálsdóttir	Borgarnesi	1988-1989
Finnur Ingólfsson	Borgarnesi	1989-1990
María Jóna Einarsdóttir	Borgarnesi	1990-1991
Jóna Björg Kristinsdóttir	Lindási	1991-1994
Kristín Finndís Jónsdóttir	Borgarnesi	1994-1996
Anna Steinsen	Borgarnesi	1996-1998
Hekla Gunnarsdóttir	Borgarnesi	1998-2000
Guðmundur Sigurðsson	Hvanneyri	2000-2006, 2007-2010
Bragi Axelsson	Bifröst	2006-2007
Elva Jónmundsdóttir	Arnþórsholti	2010-2012
Kristín Gunnarsdóttir	Lundi	2012-2015
Elva Pétursdóttir	Borgarnesi	2015-2018
Sigríður Bjarnadóttir	Borgarnesi	2018-

RITARAR UMSB

Ari Guðmundsson	Skálpastöðum	1922-1926
Leifur Ásgeirsson	Reykjum	1926-1928
Ingibjörg G Björnsson	Borgarnesi	1928-1929
Jón Sigurðsson	Skíðsholtun	1929-1933
Jónas Ólafsson	Stafholti	1933-1935
Daníel Kristjánsson	Hreðavatni	1935-1936
Ásmundur Jónsson	Borgarnesi	1936-1938
Gestur Kristjánsson	Hreðavatni	1938-1942
Ingimundur Ásgeirsson	Reykjum	1942-1945
Þórður Kristjánsson	Hreðavatni	1945-1947
Jón Þórisson	Reykholti	1947-1949
Magnús Sigurðsson	Gilsbakka	1949-1955
Sigmundur Einarsson	Kletti	1955-1956
Þorsteinn Pétursson	Miðfossun	1956-1957
Þórður Einarsson	Kletti	1957-1959
Bjarni Guðrúðsson	Nesi	1959-1961
Guðmundur Þorsteinsson	Skálpastöðum	1961-1965
Jón F Hjartarson	Borgarnesi	1965-1967
Kristján Benediktsson	Víðigerði	1967-1969
Sigurður B Guðbrandsson	Borgarnesi	1969-1971
Jón G Guðbjörnsson	Lindarholli	1971-1973
Sigmundur Hermannsson	Andakílsárvirkjun	1973-1975
Erla Kristjánsdóttir	Stóru Skógum	1975-1977
Birgir Karlsson	Leirárskóla	1977-1979
Haukur Ingibergsson	Bifröst	1979-1981
Bjarni Guðmundsson	Hvanneyri	1981-1983
Þórólfur Sveinsson	Ferjubakka	1983-1985
Sigríður Þorvaldsdóttir	Hjarðarholli	1985-1986
Þórarinn Pálmi Jónsson	Borgarnesi	1986-1987
Gísli Einarsson	Ásbrún	1987-1989
Brynjólfur Guðmundsson	Hlöðutúni	1989-1991
Sigríður V Finnbogadóttir	Borgarnesi	1991-1993
Kristín Finndís Jónsdóttir	Borgarnesi	1993-1994
Ingimundur Ingimundarson	Borgarnesi	1994-1995
Valdimar K Sigurðsson	Borgarnesi	1995-1997
Þuríður Jóhannsdóttir	Borgarnesi	1997-2001
Harpa Kristjánsdóttir	Hrafnabjörgum	2001-2002
Helga Karlsdóttir	Borgarnesi	2002-2005
Guðríður Ebba Pálsdóttir	Borgarnesi	2005-2010
María Hlín Eggertsdóttir	Lækjarmel	2010-2013
Þórhildur María Kristinsdóttir	Reykholtisdal	2013-2015
Sólrún Halla Bjarnadóttir	Hvanneyri	2015-2016
Þórkatla Þórarinsdóttir	Borgarnesi	2016-2017
Kristín Gunnarsdóttir	Lundi	2017-2019
Bjarni Þór Traustason	Borgarnesi	2019-

MEÐSTJÓRNENDUR UMSB

Jón Hannesson	Deildartungu	1912-1913
Andrés Eyjólfsson	Síðumúla	1912-1914
Bjarni Ásgeirsson	Knarrarnesi	1913-1915
Jón Hannesson	Deildartungu	1914-1916
Páll Zóphóníasson	Hvanneyri	1915-1916
Guðmundur Jónsson	Hvítarbakka	1916-1917
Sigurður Sigurðsson		1916-1917
Páll Zóphóníasson	Hvanneyri	1917-1920
Jón Hannesson	Deildartungu	1918-1919
Vigfús Guðmundsson	Borgarnesi	1919-1920
Kristinn Guðmundsson	Hvanneyri	1920-1921
Steingrímur Steinþórsson	Hvanneyri	1920-1921
Sigurður Snorrason	Laxfossi	1921-1922
Magnús Jakobsson	Varmalæk	1921-1922
Jón Þórisson	Reykholti	1944-1947
Guðmundur Eggertsson	Litlakroppi	1944-1945
Arinbjörn Magnússon	Borgarnesi	1945-1947
Björn Jónsson	Deildartungu	1947-1950
Ellert Finnbogason	Hvanneyri	1947-1950
Stefán Halldórsson	Borgarnesi	1950-1952
Þórður Kristjánsson	Hreðavatni	1950-1958
Hörður Jóhannesson	Borgarnesi	1952-1953
Snorri Þorsteinsson	Hvassafelli	1953-1954
Haraldur Sigujónsson	Hvanneyri	1954-1956
Sigurður B Guðbrandsson	Borgarnesi	1956-1958
Geir Björnsson	Borgarnesi	1958-1962
Sveinbjörn Beinteinsson	Draghálsi	1958-1961
Bjarni Helgason	Laugalandi	1961-1967
Georg Hermannsson	Borgarnesi	1962-1964
Friðjón Sveinbjörnsson	Borgarnesi	1964-1966
Sigurður R Guðmundsson	Leirá	1966-1974
Sveinn Jóhannesson	Flóðatanga	1967-1971
Gísli V Halldórsson	Borgarnesi	1971-1973
Guðmundur Þ Brynjúlfsson	Borgarnesi	1973-1975
Klemenzt Halldórsson	Dýrastöðum	1975-1979
Ingibjörg Daníelsdóttir	Fróðastöðum	1979-1981
Pétur Diðriksson	Helgavatni	1981-1982
Birgir Guðmundsson	Borgarnesi	1982-1984
Finnbogi Leifsson	Hítardal	1984-1986
Einar Ole Pedersen	Álftártungukoti	1986-1988
Hallgrímur Jónsson	Gröf	1988-1989
Gísli Sverrisson	Hvanneyri	1989-1991
Einar K Jónsson	Saurbæ	1991-1992
Guðrún Sigurjónsdóttir	Glitstöðum	1992-1993
Ásdís Helga Bjarnadóttir	Hvanneyri	1993-1996
Erla Gunnlaugsdóttir	Laugalandi	1996-2001

MEDSTJÓRNENDUR UMSB

Sigmar Gunnarsson	Rauðanesi	2001-2009
Veronika Sigurvinsdóttir	Borgarnesi	2009-2011
Aðalsteinn Símonarson	Borgarnesi	2011-2015
Þórhildur María Kristinsdóttir	Reykholtsdal	2015-2017
Anna Dís Þórarinsdóttir	Reykholtsdal	2017-2019
Rakel Guðjónsdóttir	Síðumúlaveggjum	2019-

VARASAMBANDSSTJÓRI UMSB

Gísli V Halldórsson	Borgarnesi	1974-1978
Jón Gíslason	Lundi	1978-1979
Bjarni Guðmundsson	Hvanneyri	1979-1980
Helgi Bjarnason	Borgarnesi	1980-1982
Pétur Diðriksson	Helgavatni	1982-1983
Þuríður Jóhannsdóttir	Jaðri	1983-1985
Hallfreður Vilhjálmsson	Kambshóli	1985-1987
Björn Júlíusson	Hvanneyri	1987-1988
Einar Ole Pedersen	Álftartungukoti	1988-1989
Þorvaldur Jónsson	Reykholti	1989-1990
Guðrún Sigurjónsdóttir	Glitstöðum	1990-1992
Einar K Jónsson	Saurbæ	1992-1996
Þorsteinn Viggósson	Borgarnesi	1996-2000
Björn Bjarki Þorsteinsson	Borgarnesi	2000-2002
Þórhildur Þorsteinsdóttir	Brekku	2002-2003
Axel Vatnsdal	Borgarnesi	2003-2004
Júlíus Jónsson	Borgarnesi	2004-2005
Torfi Jóhannesson	Hvanneyri	2006-2007
Friðrik Aspelund	Hvanneyri	2007-2008
Berglind Long	Hvanneyri	2008-2009
Rósa Marinósdóttir	Hvanneyri	2009-2012
Ásgeir Ásgeirsson	Stafholtstungum	2012-2015
Guðrún Þórðardóttir	Kleppjárnsreykjum	2015-

Íþróttamaður Borgarfjarðar 1980 - 2019

1980	Jón Diðriksson	Frjálsar íþróttir
1981	Einar Vilhjálmsson	Frjálsar íþróttir
1982	Íris Grönfeldt	Frjálsar íþróttir
1983	Einar Vilhjálmsson	Frjálsar íþróttir
1984	Einar Vilhjálmsson	Frjálsar íþróttir
1985	Íris Grönfeldt	Frjálsar íþróttir
1986	Íris Grönfeldt	Frjálsar íþróttir
1987	Íris Grönfeldt	Frjálsar íþróttir
1988	Íris Grönfeldt	Frjálsar íþróttir
1989	Margrét Brynjólfsdóttir	Frjálsar íþróttir
1990	Bergþór Ólafsson	Frjálsar íþróttir
1991	Íris Grönfeldt	Frjálsar íþróttir
1992	Ingi Valur Þorgeirsson	Lyftingar
1993	Ingi Valur Þorgeirsson	Lyftingar
1994	Sigmar H. Gunnarsson	Frjálsar íþróttir
1995	Sigmar H. Gunnarsson	Frjálsar íþróttir
1996	Sigmar H. Gunnarsson	Frjálsar íþróttir
1997	Halldóra Jónasdóttir	Frjálsar íþróttir
1998	Einar Trausti Sveinsson	Frjálsar íþróttir
1999	Kristín Þórhallsdóttir	Frjálsar íþróttir
2000	Einar Trausti Sveinsson	Frjálsar íþróttir
2001	Gauti Jóhannesson	Frjálsar íþróttir
2002	Sigurkarl Gústafsson	Frjálsar íþróttir
2003	Sigurkarl Gústafsson	Frjálsar íþróttir
2004	Gauti Jóhannesson	Frjálsar íþróttir
2005	Gauti Jóhannesson	Frjálsar íþróttir
2006	Tinna Kristín Finnbogadóttir	Skák
2007	Sigurður Þórarinnsson	Körfubolti
2008	Bjarki Pétursson	Golf
2009	Trausti Eiríksson	Körfubolti

Íþróttamaður Borgarfjarðar 1980 - 2019

2010	Bjarki Pétursson	Golf
2011	Bjarki Pétursson	Golf
2012	Bjarki Pétursson	Golf
2013	Konráð valur Sveinsson	Hestaíþróttir
2014	Helgi Guðjónsson	Knattspyrna /karfa og frjálssar
2015	Helgi Guðjónsson	Knattspyrna
2016	Sigrún Sjöfn Ámundadóttir	Körfuknattleikur
2017	Máni Hilmarsson	Hestaíþróttir
2018	Bjarni Guðmann Jónsson	Körfuknattleikur
2019	Bjarki Pétursson	Golf



Ársskýrslur aðildarféлага

Körfuknattleiksdeild Skallagríms



Stjórn körfuknattleiksdeildar Skallagríms

Gerð var breyting á stjórnskipulagi deildarinnar á aðalfundi 2019, farið var frá því að vera með þriggja manna aðalstjórn og síðan þrjú ráð og í það að vera með sjö manna aðalstjórn og þrjú ráð. Ráðin eru, yngri flokka ráð, meistaraflokksráð kvenna og meistaraflokksráð karla. Úr hverju þessara ráða voru tveir valdir til að sitja í aðalstjórn, auk þess sem að þar var kosinn formaður.

Aðalstjórn eru þannig skipuð: Margrét Halldóra Gísladóttir formaður, Pálmi Þór Sævarsson og Einar Árni Pálsson frá yngri flokkum. Frá M.fl. ráði karla, þeir Birgir Heiðar Andrésson og Arnar Víðir Jónsson. Frá M.fl. ráði kvenna, þær Þórhildur María Kristinsdóttir og Guðveig Eyglóardóttir,

Sigrún Halla Gísladóttir er gjaldkeri en starfar utan stjórnar.

Í yngri flokka ráði eru: Pálmi Þór Sævarsson, Einar Árni Pálsson, Eðvar Ólafur Traustason og Kristín Markúsdóttir. Í M.fl. ráði karla eru: Birgir Heiðar Andrésson, Arnar Víðir Jónsson, Skúli Guðmundsson og Orri Jónsson. Í M.fl. ráði kvenna eru: Þórhildur María Kristinsdóttir, Guðveig Eyglóardóttir, Ragnheiður Guðmundsdóttir, Haukur Erlendsson og Ásmundur Einar Daðason.

Hér á eftir fylgir greinargerð um starf síðasta árs

Innan Körfuknattleiksdeildarinnar starfar fjöldi manns bæði við leik og störf. Um er að ræða áhugamannasamtök þar sem unnið er í sjálfböðavinnu fyrir utan að þjálfarar eru ráðnir til starfa. Á undanförunum árum hefur iðkendum fjölgað mikið og eru iðkendur nú tæplega 200, frá 6 ára aldri og langleiðina að sjötugu. Körfuknattleiksdeild Skallagríms er fyrirmyndarfélag ÍSÍ frá því árið 2015 og er nú hafin vinna við að endurnýja þann samning og fara yfir þær áherslur sem deildin þar að hafa til að geta áfram talist fyrirmyndarfélag.

Yngri flokkar

Körfuknattleiksíþróttin hefur lengi borið orðspor sveitarfélagsins víða. Góður árangur Skallagríms hefur vakið athygli og sveitarfélagið fengið mikla umfjöllun í fjölmiðlum vegna þess. Í vetur hefur Skallagrímur verið með flokka í yngri deildum á Íslandsmóti og unga fólkið staðið sig gríðarlega vel. Þær jákvæði breytingar hafa orðið á iðkendahópi Skallagríms í körfubolta að stúlkum hefur fjölgað þar jafnt og þétt undanfarin ár. Áhyggjur af þátttökuleysi þeirra í íþróttinni sem höfðu verið til staðar eru nú á undanhaldi, en áfram þarf að huga vel að þessu hópi iðkenda og byggja upp til að fá enn fleiri stúlkur í hópinn.

Mikið er um keppnisferðir og mótahald hjá svona stórum hópi iðkenda og hafa verið mót nánast allar helgar frá upphafið keppnistímabilsins hjá einhverjum aldurshópi og gaman að sjá hversu

margir eru tilbúnir að leggja fram starfskrafta sína svo allt gangi upp bæði við ferðalög og skipulagningu móta hér heima.

Undanfarin ár hefur verið lagt kapp á að efla yngri flokka deildarinnar þar sem það er undirstaða þess að halda úti metnaðarfullum meistaraflokkum sem byggja á þátttöku heimamanna. Með það að markmiði að halda úti öflugum yngri flokkum hefur deildin verið með yfirþjálfara í yngri flokkum, auk þess hefur verið að byggjast upp þéttur hópur þjálfara sem sækir reglulega þjálfaranámskeið í þeim tilgangi að bæta sig og efla í störfum sínum.

Meistaraflokkar

Meistaraflokkur kvenna leikur í úrvalsdeild, vann sér sæti þar vorið 2016 og hefur leikið í þeirri deild allar götur síðan. Liðið átti í nokkrum erfiðleikum á tímabilinu 2018 til 2019 en á tímabilinu 2019 til 2020 hefur liðinu gengið vel og verið í baráttu við þá bestu í deildinni. Þjálfari liðsins er Guðrún Ósk Ámundadóttir.

Meistaraflokkur karla var í fallbaráttu á tímabilinu 2018 til 2019 og fór svo að liðið féll í 1. deild. Áherslan á tímabilinu sem nú stendur yfir 2019 til 2020 hefur verið á, að gefa ungum strákum uppöldum hjá félaginu tækifæri til þess að spila og efla sig þannig sem körfuboltamenn, krafa um árangur var því sett til hliðar til að ná fram þessu markmiði. Þjálfari liðsins er Atli Aðalsteinsson.

Fjármál/Fjárafánir

Körfuknattleiksdeildin hefur haft mestar tekjur sínar af auglýsingasamningum við fyrirtæki og sölu aðgangsmiða og ársmiða á leiki mfl. karla og kvenna. Auk þess hafa sjálfboðaliðar tekið þátt í ýmsum verkefnum sem hafa skilað deildinni tekjum. Deildin hefur komið sér upp nokkrum föstum verkefnum, svo sem þorablóti í febrúar, rekinn er á vegum deildarinnar nytjamarcaður, deildin hefur í nokkurn tíma selt fisk til fjölmargra aðila, kjötsala er ný hafin á vegum deildarinnar og skötuveisla var haldin í fyrsta skipti á Þorláksmessu og er gert ráð fyrir að það verði árlegur viðburður hér eftir.

Áhersla er á það í fjármálum deildarinnar að aðskilja rekstur yngri flokka og meistaraflokka. Einnig er það kappsmál allra sem koma að stjórn deildarinnar að halda rekstri hennar í jafnvægi, gæta hófs og skoða langtímamarkmið reglulega.

Áherslur næsta tímabils

Stefnt er að því að halda áfram öflugu starfi yngri flokka, fjölga þarf iðkendum jafnt og þétt eins og undanfarin ár. Það má þó segja að aðstaðan í núverandi íþróttahúsi sé vexti deildarinnar til trafala. Bundnar eru því miklar vonir við fyrirhugaðar framkvæmdir við íþróttahúsið í Borgarnesi. Boðið verður uppá aukaæfingar næsta sumar fyrir þá iðkendum sem vilja til þess að undirbúa næsta tímabil. Á þetta bæði við yngri iðkendum sem og þá sem eru í meistaraflokkum félagsins. Stefnt er að því að halda vel utan um leikmenn í meistaraflokkum félagsins hvort sem það er innan vallar eða utan og halda þeim liðum samkeppnishæfum í sínum deildum.

Lögð verður áhersla á að styðja þá einstaklinga sem verið hafa að þjálfa fyrir deildina til þess að efla sig áfram í þeim störfum, einnig verður áhersla á að styðja við bakið á þeim sem hafa áhuga á því að ná sér í dómarréttindi sem og þeim sem vilja ná sér í réttindi á ritaraborðið.

Áfram verður unnið að því að gæta jafnréttis í hvívetna hjá félaginu, þannig verður iðkendum gert jafn hátt undir höfði hvort sem þeir æfa og keppa fyrir kvenna eða karla lið félagsins. Gætt verður að því að umfjöllun og auglýsingar á vegum deildarinnar taki jafnt til karla og kvenna.

Fjármál deildarinnar verða áfram tekin föstum tókum og lögð áhersla á að tekjur og útgjöld séu í jafnvægi. Skoðað verður hvort forsendur eru fyrir því að ráða til deildarinnar framkvæmdastjóra til þess að halda utan um daglegan rekstur deildarinnar.

Að lokum er ástæða til þess að þakka öllum sem koma að starfi körfuknattleiksdeildar Skallagríms, á þetta við um þá sem eru í stjórnnum, styrktaraðila, þá sem starfa í kringum leiki og mót, foreldra sem leggja sitt af mörkum og þá fjölmörgu sem koma að fjáröflunum fyrir deildina. Án þessa hóps væri starf deildarinnar ekki eins öflugt og raun ber vitni.

Borgarnes 2. febrúar 2020

f.h. stjórnar körfuknattleiksdeildar Skallagríms

Margrét Halldóra Gísladóttir, formaður

Hestamannafélagið Borgfirðingur

**Skýrsla stjórnar f. 2019**

Stjórn félagsins sem kosin var á aðalfundi Borgfirðings þann 27.nóvember 2018 hefur verið þannig skipuð:

Þórdís Arnardóttir, form., Reynir Magnússon, varaform., Kristján Þ. Gíslason, ritari, Marteinn Valdimarsson, gjaldkeri, Sigurþór Óskar Ágústsson, Björg María Þórsdóttir, Haukur Bjarnason og Arna Pálsdóttir meðstjórnendur.

Stjórn Borgfirðings hefur á starfsárinu haldið 13 bókaða stjórnarfundum, 3 félagsfundum auk óformlegra fundum stjórnarmanna með nefndum félagsins. Þá hafa formaður og aðrir stjórnarmenn sótt formannafundi og sambandsþing hjá UMSB.

Stjórnin hóf starfsár sitt á að fara yfir áherslur fyrir starfið framundan og var byrjað á því að skipta nefndum félagsins niður á ábyrgðarsvið stjórnarmanna, en þar er markmiðið að hver stjórnarmaður beri ábyrgð á að starf viðkomandi nefnda sé virkjað og þá um leið að viðkomandi stjórnarmaður sé tengiliður stjórnar við þá nefnd. Þetta er liður í að dreifa starfinu í stjórninni og reyna að tengja sem best starf stjórnar við nefndir og starfsemina almennt í félaginu.

Starfsemi í nefndum var, eins og gjarnan verður, mismikil á starfsárinu og sumar nefndir félagsins hafa lítið látið til sín taka á árinu á meðan aðrar nefndir félagsins hafa haft í miklu að snúast og drifið áfram öflugt og gott starf í félaginu. Það mun verða vikið betur að starfi einstakra nefnda í skýrslunni hér á eftir.

Upplýsingagjöf til félagsmanna um viðburði og starfsemina hefur sem fyrr að mestu farið fram í gegnum Facebook síðu félagsins og póstlista og heimasíðuna borgfirðingur.is sem opnuð var í maí 2019.

Félagatalið taldi nú, fyrir þennan aðalfund, 513 félagsmann. Nýir félagar á starfsárinu eru samtals 31 en þeir félagar sem hafa óskað eftir afskráningu af félagaskrá eru 9, þá hafa eins og áður er fram komið tveir félagar látist á árinu. Auk þeirra félaga eru 28 félagar sem felldir verða af félagaskrá vegna vanskila á árgjöldum, en þeir félagar hafa ekki sinnt áminningum um uppgjör fyrir aðalfundinn og er leitt að horfa á eftir félagsmönnum á þann hátt. Það þýðir því að félagatalið telur þá 505 - félagsmenn í upphafi komandi starfsárs.

Mótahald var með svipuðum hætti og áður, haldin voru 3 vetrarmót í Faxaborg sem Kaupfélag Borgfirðinga styrkti myndarlega eins og undanfarin ár. Eins og á síðasta ári þá dróst þátttaka á þessum mótum saman á milli ára sem er ákveðið áhyggjuefni. Stærsta mót ársins var svo Kvennatöltið sem haldið var í Faxaborg 17 apríl, það er óhætt að segja að þetta var algjörlega frábært mót, mikil þátttaka og öll umgjörð til fyrirmyndar og að öllum öðrum ólöstuðum þá á Randi Holaker heiður skilinn fyrir að koma þessu á og framkvæma með glæsibrag.

Þegar kom fram á sumar tóku síðan sumarmótin við, firmakeppnin var haldin 1. maí, Íþróttamót var haldið 26. Maí. Gæðingamót Borgfirðings var áætlað 08. Júní en var fellt niður vegna lítillar þátttöku. Það var mjög leiðinlegt að geta ekki haldið gæðingamót sérstaklega í ljósi þess að veita átti í fyrsta skipi veglega farandgripum sem félaginu voru gefnir af einstaklingum og fyrirtækjum. Þeir sem gáfu gripina eru; Grunnskólinn í Borgarnesi, Sveit fyrir alla ehf, Límtré Vírnet, Borgarverk, Björg María og Sigvaldi Hægindi, Dagný og Þorvaldur Innri-Skeljabrekku. Síðsumargleði félagsins sem haldin var að Stóra –Kroppi 17 ágúst þar var keppt í góðhestakeppni með firmakeppnissniði og kappreiðum og svo var endað á grillveislu, stjórn félagsins vill koma fram sérstökum þökkum til Bryndísar og hennar fólks á Stóra – Kroppi fyrir gestrisnina. Bikarmót Vesturlands var áætlað 24 ágúst og var komið að Glæðsmönnum að halda mótið, þátttaka var því miður ekki næg og var mótið því miður fellt niður.

Kostnaður við mótahald er alltaf að hækka og varla hægt að halda mót án þess að fá styrktaraðila til að styrkja okkur. Skráningargjöld standa engan vegin undir kostnaði við dómara og verðlaun. Ekki má heldur gleyma félögum okkar sem vinna óeigingjarnt sjálfbóðaliðastarf á mótunum án þeirra væri þetta einfaldlega ekki hægt.

Nánari upplýsingar um starfsemi Mótanefndar Borgfirðings er að finna í ársskýrslu þeirra, sem væntanlega verður gerð skil hér síðar á fundinum.

Æskulýðsnefndin stóð að vanda fyrir fjölbreyttu starfi á árinu og stóð nefndin fyrir mörgum fjölbreyttum viðburðum á árinu. Knapamerki voru kennd í samstarfi við Grunnskólann í Borgarnesi, Varmalandi og Kleppjárnsreykjum. Knapamerkin voru kennd á 2 stöðum í Faxaborg Borgarnesi og á Skáney. Haldið var keppnisnámskeið og almennt reiðnámskeið. Æskulýðsnefndin hefur útbúið myndarlega og metnaðarfulla ársskýrslu um starfið, sem send var inn til Æskulýðsnefndar LH og vísa ég í hana með frekari útfærslu á starfinu. Skýrsluna má nálgast á heimasíðu LH, undir Æskulýðsmál. Einnig verður þeirri skýrslu væntanlega gerð skil hér síðar á fundinum.

Beitarmálin hjá okkur í Borgfirðingi voru með svipuðu sniði og þau voru áður og ásókn í hagabeit samsvarandi því sem verið hefur undanfarin ár. Beitarnefndin sá um úthlutun beitarhólfanna og umsjón með þeim, sem fyrr og gekk það nokkuð vel fyrir sig og vandamálalaust að útvega beit fyrir þau hross sem sótt var um fyrir. Nú liggur fyrir að umhverfis og landbúnaðarnefnd Borgarbyggðar mun boða stjórn félagsins á fund og fara yfir úttekt Landgræðslunnar á beitarhólfum í landi Borgarbyggðar sem félagið hefur afnot af.

Reiðveganefnd sá að vanda um að sækja um fjármagn til ferða og samgöngunefnd LH og uppskáru á starfsárinu um 2,4 millj króna til félagsins af reiðvegaúthlutun Vegagerðarinnar. Skýrsla reiðveganefndar verður flutt hér síðar á fundinum og vísa ég því til hennar með nánari greiningu á starfsemi nefndarinnar á starfsárinu.

Fræðslunefnd félagsins var mjög virk á árinu og stóð fyrir námskeiðahaldi fyrir eldri kynslóðina, þar var kennari Þórdís Fjeldsted og var þetta eins og áður mjög vel heppnað og vinsælt námskeið. Nefndin hélt líka námskeið með Ólafi Guðmundssyni og boðið var upp á fyrirlestra og fræðsluefni sem verður farið betur yfir í skýrslu fræðslunefndar hér á eftir.

Ferðanefndin okkar stóð fyrir vorferð 14 – 16 júní sem heppnaðist mjög vel, fullbókað var í ferðina, riðið var um uppsveitir Borgarfjarðar í frábæru veðri.

Firmanefnd safnaði áheitum hjá fyrirtækjum fyrir firmakeppni félagsins, sem haldin var 01. maí, s.l. Auk þess var ákveðið að senda út valgreiðslu-kröfu í heimabanka allra félagsmanna eins og áður

Húsnefndin skilaði sínu vel og vandlega, Kristín Erla Guðmundsdóttir Didda húsvörðurinn okkar sá um alla útleigu á húsinu eins og áður en nú hefur hún ákveðið að gefa ekki kost á sér til áframhaldandi starfa fyrir félagið og vil ég fyrir hönd stjórnar þakka henni sérstaklega fyrir samstarfið undanfarin ár.

Félagið stóð fyrir því að panta úlpur og jakka með logoi félagsins, það mældist vel fyrir hjá félagsmönnum og fjölmargir nýttu sér þetta og pöntuðu úlpur og jakka. Við létum líka útbúa merkt buff sem börn í félaginu fengu að gjöf.

Á aðalfundi 2018 lá fyrir að Rarik myndi taka yfir raforkusölu í hverfinu við Vindás þar sem gamla veitan var ólögleg, þetta verkefni er nú á lokastigi. Breytt fyrirkomulag rafmagnsmála í hverfinu var kynnt fyrir hesthúseigendum á fundi í febrúar, annar fundur var haldinn í ágúst þar

sem allur kostnaður lá fyrir. Ingi Tryggvason stýrir þessu verkefni fyrir hönd félagsins og hefur hann haldið utanum þetta frá A til Ö með stuðningi stjórnar.

Starfsemin í reiðhöllinni FAXABORG var með hefðbundnu sniði á starfsárinu og mikil vinna var þar innt af hendi. Viðburðir voru nokkrir, eins og undanfarin ár, svo sem KB Mótaröðin og Vesturlandsdeildin, auk fjölmargra fleiri viðburða. Dansleikur var haldinn síðasta vetrardag en því miður tókst ekki að halda Vesturlandssýningu. Selás ehf rekstrafélag reiðhallarinnar var rekið með tapi eins og fyrri ár. Í nýrri stjórn Seláss er formaður Hrefna Bryndís Jónsdóttir, gjaldkeri Dagný Sigurðardóttir auk þeirra eru í stjórn ; Oddur Björn Jóhannsson og Kristján Gíslason, í varastjórn eru: Sigurþór Ágústsson, Flemming Jessen, Reynir Magnússon og Þórdís Arnardóttir.

Formaður Borgfirðings 2018 - 2019

Þórdís Arnardóttir

Golfklúbburinn Glanni

Vinnudagur, opnun golfvallarins og opnun golfskálans var 4. maí. Starfsmaður golfskálans stóð vaktina í sumar en frá miðjum ágúst var skálinn lokaður vegna þess að enginn afleysingamaður var fenginn í staðinn. Rekstraraðili golfskálans var ánægður með afkomuna og mun taka að sér rekstur næsta sumar og ætlar að tryggja að skálinn verði opinn fram í september.

Einn starfsmaður var í fullu starfi og svo annar starfsmaður í ca. 50% starfi. Eins fengum við ungling frá unglingavinnunni til okkar í nokkrar vikur, hann reyndist mjög vel og erum við vonandi búnir að tryggja okkur hann næsta sumar. Okkur mun vanta einn annan starfsmann á völlinn næsta sumar sem mun bera ábyrgð á vinnunni. Auglýst var eftir starfsmanni í Skessuhorni en engin hafði samband við okkur og því höldum við áfram að leita.

Samstarfssamningur var við flest stéttarfélögin sem eiga orlofshús í Munaðarnesi. Einnig voru gerðir vinavallasamningar við nokkra golfklúbba.

Við vorum áfram í samstarfi við Hótel Bifröst en því miður voru ekki margir hótelgestir sem spiluðu hjá okkur í sumar.

Skipulögð voru tvö mót, fyrra mótið var Opna Glanna mótið haldið laugardaginn 10. ágúst. Nokkuð vel var mætt á mótið og allir fóru ánægðir heim. Seinna mótið sem var innanfélagsmót átti að halda 22. september. Aflysa varð mótinu vegna veðurs, völluminn hafði aldrei áður verið svona blautur og var umflotinn vatni.

Lagt var rafmagn og vatn út í gámana frá golfskálanum og bætir það alla starfsaðstöðu. Sandþró var steipt og kláruð. Nú stendur til að endurnýja brautarsláttuvélina og er það mikil fjárfesting fyrir klúbbinn. Fyrir sumarið á setja upp salernisgám við hliðina á skálanum sem mun bæta salernisaðstöðuna fyrir ferðafólk. Einnig stendur til að stækka bílplanið.

Afkoma af rekstri golfvallarins voru ekki eins og væntingar stóðu til en okkur tókst að skila rekstrinum réttu megin við núllið. Veðrið framan af sumri var okkur hliðholt og voru miklar væntingar til að gestum myndi fjölga verulega en það gekk ekki eftir.

Aðalfundur var haldinn 19. nóv. 2019. Nánast sama stjórn gaf kost á sér aftur nema við fengum einn nýjan stjórnarmann. Í stjórn voru kostnir, Snorri Þórðarson formaður, Garðar Hilmarsson varaformaður, Viðar Þorsteinsson gjaldkeri, Jónas Magnússon ritari, Kristbjörg Lilja Rúnarsdóttir meðstjórnandi og Jón Freyr Jóhannsson varamaður. Jónas Magnússon lést skyndilega eftir erfið veikindi og þá gekk Kolbeinn aftur inn í stjórnina. Jónas starfaði í stjórn klúbbsins frá upphaf og er hans sárt saknað.

Að lokum vil ég þakka stjórnarmönnum, nefndarmönnum og þeim félagsmönnum sem hafa mætt og unnið með okkur á vellinum fyrir vel unnin störf á síðasta rekstrarári. Rekstur golfvallarins myndi ekki ganga svona vel nema með þessari sjálfböðavinnu sem unnin er af félags- og stjórnarmönnum fyrir golfklúbbinn.

Kveðja f.h. Golfklúbbsins Glanna

Snorri Þórðarson formaður

Ungmennafélagið Björn Hítðælakappi

Umf.
Björn
hítðælakappi

Aðalfundur félagsins var haldinn 16. febrúar og var stjórn endurkjörin, formaður Sigurjón Helgason, ritari Unnur Sigurðardóttir og gjaldkeri Sigfús H. Guðjónsson.

Félagið stóð fyrir leikjakvöldum um sumarið. Þar sem ungir sem aldnir komu saman og leiku sér í fótbolta og öðrum leikjum.



Líkt og undanfarin ár fóru félagsmenn dagspart og tíndu rusl við sorpurðunarstaðinn Fíflholt.

Að vanda bauð upp á súpu í fyrstu Hítardalsrétt.

Stjórn Umf. Björns Hítðælakappa

Frjálsíþróttafélag Borgarfjarðar

Árið 2020 var annasamt hjá félaginu og frá mörgu er að segja. Á vorönninni vorum við með æfingar fyrir allan aldur, á mánudögum fyrir skólahóp leikskólanna og upp í 4. bekk og svo á þriðjudögum fyrir 5. bekk og uppúr. Einnig voru þrekæfingar á miðvikudögum fyrir 5. bekk og eldri. Reyndist það fyrirkomulag vel og var fjöldi á æfingum góður. Þjálfarar voru Unnur Jónsdóttir og Hafrún Birta Hafliðadóttir. Í sumar voru æfingar á mánudags- og miðvikudagseftirmiðdögum og var mæting sæmileg. Á haustönninni buðum við aftur upp á æfingar fyrir skólahóp og upp í 4. bekk á mánudögum, var það Hafrún Birta sem tók þann hóp að sér. Á þriðjudögum voru svo æfingar fyrir 5. bekk og upp úr. Aukning hefur orðið á þátttöku á æfingum og er það afar ánægjulegt, hópurinn er mjög fjölbreyttur og skemmtilegur. Unnur Jónsdóttir sá um þessar æfingar. Hafrún Birta hefur stýrt þrekæfingum á miðvikudögum og hefur það gengið mjög vel.

Aðalfundur félagsins var haldinn í byrjun apríl, Unnur Jónsdóttir hélt áfram sem formaður félagsins og Sæunn Ósk Kjartansdóttir hélt áfram starfi sínu sem gjaldkeri, Guðrún Karítas Hallgrímsdóttir baðst undan áframhaldandi ritarastörfum og tók Hafrún Birta Hafliðadóttir þau að sér. Meðstjórnendur árið 2020 voru Harpa Rut Jónasdóttir og Sigríður Ása Guðmundsdóttir. Frjálsíþróttafélagið hélt vormót sitt þann 2. júní, var þátttaka ágæt með 75 keppendum. Nokkuð kom af gestum til keppni á mótinu og var það skemmtileg tilbreyting. Kastarar hafa síðustu ár leitað til okkur um að halda mót fyrir sig þar sem völlurinn er í góðu standi og reynsla af keppnishaldi mikil á svæðinu. Í sumar héldum við tvö slík mót annars vegar í maí þar sem kepptu 30 keppendur. Á því móti setti Elísabet Rut Rúnarsdóttir frá ÍR glæsilegt íslandsmet í sleggjukasti. Hins vegar í júlí þar sem keppendur voru ekki nema 6 og var það mót haldið að beiðni Sigursteins Ásgeirssonar þar sem hann var að reyna við lágmark í kúluvarpi inn á norðurlandamót 19 ára og yngri. Það markmið hans náðist ekki á mótinu, en hann aftur á móti náði því skömmu síðar á móti á Selfossi og fór því og keppti fyrir Íslands hönd á mótinu með flottum árangri.

Okkar iðkendur eru flestir börn og unglingar og hafa mismikinn áhuga á að taka þátt í keppni. Það var gaman að sjá fleiri prófa að taka þátt í mótum í vetur heldur en síðustu ár og vonandi halda þau áfram á þeirri braut, en við leggjum ekki hart að þeim við það heldur gefum þeim það val að æfa án þess að þurfa að keppa. Þeir iðkendur sem áhuga hafa á að keppa fóru á nokkuð af mótum og er þar helst hægt að nefna silfurleika ÍR, Meistaramótin bæði utan- og innanhúss, Gaflarann, Bronsleikar ÍR og fleiri. Stóðu þeir sig með mikilli þrýði og flestir, ef ekki allir, hafa tekið nokkrum framförum á árinu. Talsverður fjöldi keppti einnig á unglingalandsmóti UMFÍ um Verslunarmannahelgina og stóð sig með sóma.

Félagið átti árið 2019 nokkra sterka keppendur og má þar helst nefna Sigurstein Ásgeirsson og Guðrúnu Karítas Hallgrímsdóttur sem bæði æfa hjá ÍR og eru meðal þeirra bestu á landinu í sínum aldursflokki í sínum greinum. Þau færðu sig því miður bæði yfir í ÍR um áramótin og óskum við þeim velfarnaðar í framtíðinni og munum áfram gera okkar besta til að styðja við þau þótt þau séu formlega farin úr félaginu.

Umf. Íslendingur



Stjórn félagsins 2019
Formaður Björk Lárusdóttir
Ritari Kristján Guðmundsson
Gjaldkeri Gunnar Örn Káráson

17. júní hátíð

Félagið hefur staðið fyrir 17. júní hátíðarhöldum á Hvanneyri síðan 2006. Lagt er af stað kl.11:00 frá Sverrisvelli og gengið út í skjólbeltin með fána þar sem farið er í leiki. Stórt grill er á staðnum sem gestir geta nýtt sér. Sem fyrri daginn var mætingin góð í ár og fólk naut þess að eiga notalega stund saman.

Jónsmessuhátíð

Á mannamótsflöt fögnuðum við Jónsmessuhátíð 27 júní með leikjum og pylsum. Teknir voru inn nýir félagar og fengu þeir plöntu að gjöf frá Skógræktarfélagi Borgarfjarðar. Var þetta einn úrkomumesti dagur sumarsins en lét fólk það ekki stoppa sig og var ágæt mæting.

Ármót

Ungmennafélögin Dagrenning og Íslendingur héldu saman ármót í frjálsum 10 júlí í Borgarnesi. Mæting var góð og gekk framkvæmd vel, endað var á grilluðum pylsum. Gaman er að segja frá því að Íslendingur var stiga hæðsta félagið og hlaut stiga bikarinn.

Hreppslaug

Laugin var opin yfir sumartímann eins og verið hefur undanfarin ár. Ráðast þurfti í viðgerðir á hitaveitulögn sem var ónýtt og fékkst til þess styrkur frá Borgarbyggð og Skorradalshrepp.

Hreppslaugarhlaup

Hreppslaugarhlaupið var haldið í áttunda sinn í ár og var þónokkuð af hlaupurum sem tóku þátt í ár. Hlaupið var haldið fimmtudaginn 15 ágúst. að loknu hlaupi var boðið í sund í Hreppslaug þar sem hægt var að kaupa léttar veitingar á sundlaugarbakkanum. Keppt var í þremur vegalengdum (3 km, 7 km og 14,2 km).

Haustleikar

Ákveðið var að breyta út af vananum og halda haustleika Umf. Íslendinga í staðinn fyrir Sverrismót. Á Haustleikum er keppt í öðruvísi greinum eins og hjólböru akstri, stígvélakasti og fótbolta. Eftir góðan dag fengu allir grillaðar pylsur.

Blak

Hvannir héldu úti blakæfingum á Kleppjárnsreykjum og Varmalandi. Þær sóttu ýmis mót meðal annars Íslandsmót í blaki. Á árinu var blakliðið Njólarnir endurvakið og hafa þeir æft einu sinni í viku á Kleppjárnsreykjum og stefna þeir á öldungamót í vor.

Dósasöfnun / Svartakusa

Dósasöfnun hefur farið fram reglulega með góðum árangri til fjáröflunar. Frábært er hvað íbúar eru duglegir við að fylla svörtu kusu og styrkja um leið ungmennafélagið. Íbúar er hvattir að halda áfram að fylla kusuna reglulega.

Gamlárbrenna

Félagið stóð fyrir áramótabrennu við Tungutúnsborg rétt sunnan við þéttbýlið. Brennan tókst sérlega vel og mætingin var góð.

Íþróttahúsið á Hvanneyri

Ungmennafélagið sér um úthlutun æfingátíma og aðgengi að leikfímishúsi Landbúnaðarháskóla Íslands samkvæmt samningi við LBHÍ frá árinu 2005. Tilgangur þess er að tryggja félögum aðgang að húsinu utan hefðbundinna æfingátíma.

UMF. Stafholtstungna



Að loknum aðalfundi sem haldin var 20. febrúar 2019 var ný stjórn kölluð til og farið yfir stjórnarskipti. Núverandi stjórnarskipan er eftirfarandi: Helena Rut Hinriksdóttir formaður, Ólafur Daði Birgisson gjaldkeri og Ómar Ólafsson ritari. Í varastjórn eru: Ása Erlingsdóttir og Auður Margrét Ármannsdóttir. Stjórnarfundir voru 3 á árinu ásamt tölvu- og símasamskiptum.



Fréttabréf félagsins var gefið út á vordögum að venju og það sent á alla bæi á svæðinu.

Nýársfagnaður: Ákveðið var í samráði við Björgunarsveitina og brennustjóra síðustu ára að hafa ekki áramótabrenna. Enda hafa gjöld fyrir leyfum og undirbúningur í raun aukist síðastliðin ár. Í samráði við Björgunarsveitina Heiðar var ákveðið að fá þá til þess að hafa flugeldasýningu þann 2.janúar og sé Ungmennafélagið um að borga þeim fyrir útlagðan kostnað vegna þessa.

Umhverfisdagur: Haldinn var árlegur umhverfisdagur félagsins, laugardaginn 15.júní, í skóginum við Varmaland þar sem nokkrir félagar mættu og nýttu daginn til tiltektar ásamt því að saga frá tré og greinar. Ungmennafélagið gaf Varmalandsdeild Grunnskóla Borgarfjarðar bekkjartré fyrir þáverandi 1.bekk. Nemendur munu síðan fylgjast áfram með vexti þess á meðan á skólagöngu stendur.

Íþróttir: Frjálsíþrótt og knattspyrnuæfingar voru skipulagðar yfir sumartímam líkt og fyrri ár. Ómar Ólafsson þjálfaði. Æfingar voru nokkuð vel sóttar af þeim sem stunduðu þær. Að lokinni síðustu æfingu var pizzupartý á Varmalandi fyrir þátttakendur.

Meðlimir félagsins tóku þátt í nokkrum mótum í héraði og utan eins og hingað til. Meðal annars voru þátttakendur frá okkur á Ármótinu í frjálsum á Skallagrímsvelli í Borgarnesi þann 10.júlí og hófst mótið klukkan 18:00. Mótið var í umsjá UMF Dagrenningar og Íslendinga, að auki skaffaði félagið okkar starfsmenn á mótið að venju. Einnig átti félagið að sjá um Ármótið í sundi þetta árið en vegna óviðráðanlegra orsaka féll það niður.

17. júní hlaupið sem er 600 m hlaup fyrir börn á aldrinum 12 ára og yngri, var haldið 30.maí á Varmalandi. Hlaupið er samstarfsverkefni félagsins og íþróttakennara á Varmalandi og er haldið í lok skólaársins hjá nemendum GBF á Varmalandi. Að þessu sinni varð Benjamín Mager Hlynsson sigurvegari hlaupsins og fékk hann fyrir það bæði eignar- og farandbikar. Allir þátttakendur fá síðan viðurkenningarpening sem er afhentur við hátíðlega athöfn á skólaslitum GBF í Þinghamri.

Íþróttamaður félagsins árið 2019 var valinn líkt og fyrri ár. Sigursteinn Ásgeirsson varð fyrir valinu vegna afreka hans á árinu. Hann var tilnefndur til verðlauna fyrir íþróttamann UMSB 2019 fyrir afrek sín í frjálsum íþróttum. Sigursteinn hefur verið að bæta árangur sinn á árinu ásamt því að vera í afrekshópi FRÍ þar sem árangur hann í kúluvarpi hefur mikið að segja.

Hestaferð: Reiðtúr Ungmennafélagsins var farinn þann,14. júlí frá Ási. Lagt verður af stað klukkan 13. Riðið var í kringum Stafholtsfjallið og stoppað á góðum stað til að borða nesti sem hver og einn var með fyrir sig. Í reiðnefnd eru: Valgerður Björnsdóttir, Kristín Kristjánsdóttir og Auður Margrét Ármannsdóttir.

Gönguferð félagsins var farin laugardaginn 17.ágúst. Ætlunin var að hitta göngufólk við Einifell og átti að fara af stað klukkan 13:00. Ganga átti síðan þaðan að Svartagili. Mætti forgöngukonan Íris og beið og beið. Því miður var það tilgangslaus bið því að það mætti enginn annar. Í göngunefnd eru: Birgir Hauksson, Guðmundur Finnsson og Íris Grönfeldt.

Fjáröflun: Dósaöfnun hefur til margra ára verið helsta fjáröflunarleið ungmennafélagsins. Gekk söfnunin ágætlega í sumar líkt og hingað til. Dósaámar merktir félaginu eru í sumarbústaðahverfi Munaðarness, við bæinn Tún og á tjaldsvæðinu á Varmalandi. Mikilvægt er að losa gámana reglulega yfir sumartímam og hafa eftirlit með losun þeirra að vetri til.

Námskeið: Engin námskeið voru haldin á vegum félagsins þetta árið. Þó varð sú nýbreytni að loknum síðasta aðalfundi að félagar gátu sótt sér styrk vegna æfingagjalda til félagsins ef þeir væru að æfa reglulega í lengri tíma og undir leiðsögn þjálfar. Einhverjir nýttu sér þessa styrki og eru þeir komnir til að vera.

Leikdeild: Stjórn leikdeildar skipa, Ásgeir Ásgeirsson formaður, Erla Gunnlaugsdóttir gjaldkeri og Sigurlaug Kjartansdóttir ritari. Aðalfundur leikdeildarinnar var haldinn 2.maí. Leikdeildin stóð fyrir uppsetningu á leikritinu Rympa á ruslahaugnum eftir Herdísí Egilsdóttur. Voru 13 leikendur í verkinu og þar af sex börn á grunnskólaaldri. Uppsetning var í höndum Þrastar Guðbjartssonar, leikstjóra og gekk leikritið ágætlega. Mikil gleði og ánægja var í leikarahópnum og þeim fjölda annarra sem komu að sýningunni og uppsetningu hennar.

Að lokum vil ég þakka stjórnarmönnum og öðrum vinnusömum félagsmönnum óeigingjarnt starf í þágu félagsins en án þeirra væri afar erfitt að halda félagi sem þessu virku.

f.h. stjórnar

Helena Rut Hinriksdóttir

formaður



Umf. Dagrenning



Haldinn var aðalfundur 23. janúar þar sem kosin var ný stjórn og nefndir.

Haldnir voru alls þrjú stjórnarfundir á tímabilinu og einn félagsfundur, sem eiga að reyndar samkvæmt lögum félagsins að vera ekki færri en tveir.

Guðmundur Þorsteinsson var gerður heiðursfélagi

Bókasafnsnefnd var felld niður stofnuð var ný nefnd sem fékk heitið húsbúnaðarnefnd.

Ungmennafélagið Dagrenning var fengin til að halda sambandsþing á árinu og þann 7. mars var þingið haldið í Brautartungu. Á þinginu var meðal annars veittir gullhamrar til tveggja sveitunga, það voru Guðmundur Þorsteinsson sem sæmdur var gullmerki UMFÍ og Hrönn Jónsdóttir heiðruð starfsmerki UMFÍ fyrir sín félagsstörf.

Á árinu bað Margét Helga Guðmundsdóttir undan stjórnarsetu og í hennar stað kom inn vararitari, Óskar Halldórsson.

Að lokum, vil ég þakka fyrir samstarf á árinu sem leið.

Umf. Reykdælir



Kæru félagar

28. febrúar 2019 tóku þessi félagar við keflinu í stjórn Ungmennafélags Reykdæla.

Vigdís Sigvaldadóttir, formaður

Helga Jónsdóttir, varaformaður

Þóra Árnadóttir, gjaldkeri

Kristín Snorradóttir, ritari

Guðmundur Pétursson, meðstjórnandi

Hermann Daði Hermannson, varamaður

Árið 2019 voru teknar nokkrar ákvarðanir sem snerta Logaland, félagsheimilið okkar. Þar sem krafan um rafmagn á tjaldstæðinu varð sífellt háværi ákvað húsnefnd að byrja á því að koma því í kring. Arnar rafvirki sá um þá framkvæmd í maí 2019 og er nú komið þriggja fasa rafmagn í Logaland og átta tenglar komnir út á tjaldstæði.

Önnur framkvæmd var að ljósleiðari er nú kominn í hús en á enn eftir að finna heppilegt fyrirtæki til að versla nettengingu við, ljósleiðaratengingin er því ekki komin í gagnið en lítið sem þarf að gera svo það verði að veruleika.

Næst á dagskrá er að endurnýja salernin, en við höfum fengið tilboð hjá Fanntófélli í skilrúm og vaskaborð með þremur innfelldum vöskum og blöndunartækjum. Upphengd salerni og þvagskálar er síðan hægt að kaupa víða. Salernisaðstaðan er úr sér gengin, og jafnvel ónýt, svo mikilvægt er að klára þetta verkefni fyrir sumarið.

Þegar salernin hafa verið endurnýjuð, ljósleiðarinn tengdur og þar sem við erum nú komin með þriggja fasa rafmagn og tengla á tjaldstæði er komið að því að hugleiða það hvort ekki þurfi að endurmeta verðskrá fyrir Logaland árið 2021.

Allar framkvæmdir eru kostnaðarsamar og hvetjum við féлага til þess að leggja höfuðið í bleyti og athuga hvort ekki megi finna fleiri tækifæri til þess að auka nýtinguna á Logalandi. Þá sérstaklega á veturna, en sumrin hafa verið nokkuð vel setin.

Auglýst var eftir starfsmanni í þrif við Logaland fyrir síðasta sumar en engin umsókn barst. Þær Helga Jónsdóttir og Þóra Árnadóttir skiptu því hlutverki á milli sín og sáu um að halda Logalandi hreinu, við þökkum þeim kærlega fyrir það.

Leiknefnd og yngri barna nefnd störfuðu ekki á árinu. Við fengum þó til okkar leikfélag Hólmavíkur sem leigði Logaland og sýndi eina sýningu af verkinu „Saumastofan“ eftir Kjartan Ragnarsson í leikstjórn Skúla Gautasonar en því miður var dræm mæting á þá sýningu.

Fastir liðir líkt og þorablót, 17. júní skemmtun og gleðifundur heppnuðust mjög vel.

Ungmennafélagið stendur enn fyrir mjög öflugu íþróttastarfi. Í félaginu eru fjölmargir efnilegir íþróttamenn og viljum við þakka íþróttanefndinni sérstaklega fyrir alla þá elju og dugnað við að halda íþróttamenningu Reykdæla gangandi.

Ég hef ákveðið að gefa ekki kost á mér aftur í stjórn félagsins að sinni eftir árs setu sem formaður. Ég vil þakka öllum þeim sem hafa aðstoðað við að halda félaginu gangandi, því samvinna er lykilatriðið.

Fyrir hönd stjórnar

Vigdís Sigvaldadóttir

Ársskýrsla Ungmenna- og íþróttafélags Hvalfjarðarsveitar 2019

Stjórn félagsins er óbreytt og hana skipta:

Dagný Hauksdóttir, formaður

Guðný Kristín Guðnadóttir, gjaldkeri

Brynjólfur Sæmundsson, ritari

Þorleifur Baldvinsson, stjórnarmaður

Ása Hólmarsdóttir, stjórnarmaður

Formlegir stjórnarfundir voru þrjár á árinu auk undirbúningsfunda vegna viðburða félagsins.

Ungmenna- og íþróttafélag Hvalfjarðarsveitar stóð við eftirfarandi viðburðum á árinu:

- Stjórn félagsins var bakhjarl þorablóts í Hvalfjarðarsveit sem haldið var 2. febrúar.
- Kvennahlaup ÍSÍ féll niður þetta árið sökum dræmar þátttöku
- 8 vikna þreknámskeið/stöðvafjálfun með íþróttfræðingunum Áslaugu Guðmundsdóttur og Unnari Garðarssyni fyrir 16 ára og eldri í Heiðarborg.
- Fundað með framkvæmdarstjóra UMSB og frístundafulltrúa Hvalfjarðarsveitar um tækifæri til frekara samstarfs.

F.h. stjórnar

Dagný Hauksdóttir, formaður

Guðný Kristín Guðnadóttir, gjaldkeri

Knattspyrnudeild Skallagríms 2019



Í þessari stuttu skýrslu verður gerð grein fyrir helstu verkefnum knattspyrnudeildar Skallagríms á árinu 2019 og hvernig starfsemin gekk fyrir sig.

Almennt um starf deildarinnar

Aðalfundur knattspyrnudeildar Skallagríms 2019 fór fram í byrjun maímánaðar. Á fundinum var kosinn stjórn deildarinnar og skipuðu hana eftirtaldir aðilar: Páll S. Brynjarsson, Hjalti R. Benediktsson, Jón Arnar Sigþórsson, Gísli Einarsson, Oddný Böðvarsdóttir og Haukur Þórðarson. Oddný Böðvarsdóttir stýrði yngriflokkaráði og með henni í ráðinu voru þau Hrafnhildur Tryggvadóttir og Gunnar Scott.

Viktor Már Jónasson lét af starfi framkvæmdastjóra knattspyrnudeildar í lok sumars og hefur stjórnarfolk sinnt störfum framkvæmdastjóra síðan. Viktor starfaði hjá knattspyrnudeild frá upphafi árs 2017 og erum honum hér með þökkun afar vel unnin störf.

Meistaraflokkur Skallagríms

Meistaraflokkur karla hjá Skallagrími lék í 3. deild sumarið 2019 eftir að hafa farið upp um deild haustið 2018. Æfingar hófust strax í nóvember 2018 undir stjórn nýs þjálfara Kristins Guðbrandssonar. Liðið náði ágætum árangri í Lengjubikar KSÍ í mars og apríl, en tapaði fyrir KV í fyrstu umferð bikarkeppninnar. Íslandsmótið hófst síðan í byrjun maí og var staða liðsins þokkalega framan af móti. Hins vegar snérist heilladísirnar ekki á sveif með okkur þegar leið á mótið og varð niðurstaðan sú að liðið féll aftur niður í 4 deild. Upp úr miðju móti ákvað þjálfari liðsins að segja upp starfi sínu og stýrðu þeir Viktor Már Jónasson og Sölvi Gylfason liðinu út keppnistímabilið. Alls léku 46 leikmenn með liðinu í Íslandsmóti sem endurspeglar það rót sem varð á liðinu þegar leið á tímabilið. Það sem skiptir mestu máli í dag er að ná að búa til fastan kjarna sem ber liðið uppi og skapa meiri stöðuleika til þess að við náum frekari árangri og komumst aftur upp um deild. Að því verður unnið á árinu 2020 undir stjórn Sölva Gylfasonar þjálfara.

Við voru í samstarfi við ÍA í 2 flokki karla og lék hluti leikmanna 2 flokks með okkur í þriðju deildinni. Lið ÍA-Kára-Skallagríms í öðrum flokki náði hins vegar frábærum árangri, varð Íslandsmeistari með yfirburðum og komst fyrst íslenskra liða í aðra umferð Evrópukeppninnar þar sem liðið féll út eftir leiki við enska liðið Derby County.

Yngri flokkar Skallagríms

Starfsemi yngri flokka Skallagríms gekk almennt vel á árinu 2019. Um 150 iðkendur mættu á æfingar hjá okkur á árinu, en fjöldi iðkenda hefur staðið í stað undanfarið. Í lok sumars létu þeir Viktor Már Jónasson og Björn Sólmar Valgeirsson af störfum sem þjálfarar yngri flokka og komu því nýjar þjálfarar til starfa hjá félaginu síðastliðið haust sem eru ungir og efnilegir.

Yngstu iðkendur í 6 og 7 flokki stráka og stelpna tóku þátt í ýmsum mótum árið 2019 og stóðu sig vel og voru félaginu til sóma. 5 flokkur stráka tók þátt í Íslandsmótinu og Faxaflóamótinu, en 5 flokkur stelpna tók þátt í fjölliðamótum. Í 3 og 4 flokki stúlkna voru við í samstarfi við ÍA og spiluðu sameiginleg lið þessara félaga í Íslandsmóti og stóðu sig vel. Í 3 og 4 flokki stráka vorum við líka í samstarfi við ÍA og þar var einnig spilað undir merkjum ÍA-Skallagríms með góðum árangri. Alls spiluðu tæplega 30 ungmenni frá okkur með sameiginlegum liðum ÍA-Skallagríms. Samstarfið við ÍA var okkur mjög gagnlegt og að mörgu leyti vel heppnað. Það skiptir okkur miklu máli að geta boðið ungmennum sem æfa með Skallagrími upp á samstarf sem þetta, en með því tekst okkur að bjóða þeim upp á að keppa með 11 manna liðum auk þess sem þau geta æft yfir vetrartímann við frábærar aðstæður, en þau æfa alla jafna tvisvar í viku yfir vetrartímann á Akranesi og tvisvar í Borgarnesi.

Það er mikilvægt að okkur takist að fjölga iðkendum í yngri flokkum og við teljum að nú þurfi allir að leggjast á eitt og fjölga þeim börnum og ungmennum sem iðka íþróttir í Borgarbyggð. Það hefur verið ánægjulegt að sjá að krakkar utan Borgarness sækja í auknum mæli á æfingar hjá okkur og jafnvel krakkar úr öðrum sveitarfélögum, en nefna má að krakkar úr Dalabyggð og Strandabyggð hafa verið í vaxandi mæli að æfa hjá okkur.

Lokaorð

Starf knattspyrnudeildar Skallagríms var umfangsmikið á árinu 2019 og mörg ný verkefni fylgdu því að vera komin í 3 deild eftir 15 ára veru í 4 deild. Það þurfti að auka tekjurnar til að standa undir breyttu starfi og það verður að segjast eins og er að rekstur íþróttafélags er þungur róður. Samt sem áður verður reksturinn í jafnvægi árið 2019, eftir að ráðist var í aðhaldsaðgerðir síðla sumars.

Til þess að fótboltinn geti vaxið frekar í Borgarbyggð er nauðsynlegt að aðstaða til knattspyrnuíðkunar yfir vetrarmánuðina verði bætt. Aðstæður hjá okkur til æfinga yfir sumarmánuðina eru mjög góðar og Skallagrímssvöllur með betri völlum landsins. Fótbolti er

hins vegar íþrótt sem stunduð er allan ársins hring. Knattspyrnudeild Skallagríms hefur aðeins örfáa tíma á viku til innanhússæfinga í Íþróttamiðstöðinni í Borgarnesi og skólavöllurinn við GB hentar fyrir yngri flokkanna þegar vel viðrar. Völlurinn dugir hins vegar engan veginn fyrir eldri flokka og því verða flestar æfingar hjá meistaraflokki frá því í október og fram í apríllok að fara fram á Akranesi. Það er því afar brýnt að þegar verði hafinn undirbúningur að byggingu knatthúss í Borgarnesi.

Stjórn knattspyrnudeildar Skallagríms vill að lokum þakka iðkendum og öllum þeim sem komu að starfi deildarinnar fyrir vel unnin störf á árinu 2019. Sérstaklega viljum við þakka þjálfurum og iðkendum fyrir gott starf og foreldrum fyrir ánægjulegt samstarf. Það er von okkar að árið 2020 skili okkur góðum árangri og verði til þess að treysta enn frekar grunninn að árangursríku starfi Skallagríms.

Gólfklúbbur Borgarness



Í stjórn klúbbsins:

Formaður Guðmundur Daníelsson
 Varaformaður Ingvi Árnason
 Ritari Andri Daði Aðalsteinsson
 Gjaldkeri Margrét Guðnadóttir
 Meðstjórnandi Magnús Fjeldsted

Inngangur

Nú er að baki 46. starfsár Golfklúbbs Borgarness. Þetta sumar var eitt það besta veðurfarslega séð í sögu klúbbsins. Var það kærkomið eftir kulda og rigningu sumarsins 2018. Góður gangur hefur verið í rekstri klúbbsins og ber ársreikningur ársins 2019 þess glögglega merki. Þetta golftímabil var óvenjulega langt. Það voraði snemma og var völlurinn okkar kominn í frábært ástand um mánaðarmótin apríl maí, þá að ætla 6-7 vikum á undan áætlun. Viðbyrjuðum þar af leiðandi að fá tekjur inn snemma af vallargjöldum. Sem á sama tíma í fyrra fór ekki að bera á vallargjaldtekjum fyrr en síðari hluta júní mánaðar.

Sambúðin að Hótel Hamri gekk vel og nutu félagar og aðrir vallargestir góða veðursins á glæsilegum palli við 18. flötina. Horfðu á aðra golfara klára átjándu holuna og nutu félagskaps annara.

Nýjar golfreglur tóku gildi 1. janúar 2019 og var þetta því fyrsta sumarið sem að leikið var eftir nýju reglunum. Nokkuð veigamiklar breytingar eru frá fyrri reglum en voru meðlimir almennt nokkuð klárir á breytingunum og ekki komu upp fleiri mál en undir eldri reglum. Það var eitt að

markmiðum breytinga í nýju reglunum að einfalda golfreglurnar og gera þær skýrari.

Rekstur golfklúbbsins.

Unnið hefur verið eftir strangri fjárhagsáætlun við rekstur klúbbsins undanfarin ár. Mikið aðhald hefur verið í rekstri vallarins og er það kraftaverki líkast hvað fallegi völlurinn okkar er rekinn fyrir lítið fé. Þetta góða ástand bæði rekstrarlega og vallarlega. Má þakka okkar góða framkvæmdastjóra Jóhannesi og færum við honum okkar allra bestu þakkir fyrir vel unnin störf á undanföllum árum og vonum að það gangi vel hjá okkur áfram. Sú ný breytni var tekin upp á þessu starfsári að félagar gátu greitt félagsgjaldið í eingreiðslu fyrir 1. febrúar og fengu félagar þá 10% afslátt af félagsgjaldinu. Mæltist þetta vel og greiddi allnokkur hluti félaga gjaldið með þessum hætti. Og hjálpaði það klúbbum að fá félagatekjur inn snemma til að brúa það bil þangað til að vallartekjur fara að koma inn að vori. Undanfarin ár hefur það verið markmið að auðvelda hirðingu á vellinum og hagræða með þeim hætti. Þetta markmið fer vel saman með því markmiði að hafa Hamarsvöll þannig uppsettan að við minnkum þann tíma sem fer í það að leita að boltum og flýtum þannig leik. Framan af ári gerðist lítið í samningum við sveitarfélagið sem hafði hafnað beiðni okkar um rekstarstyrk árið 2018. Á fundi 27. júní 2019 tók Byggðarráð fyrir umsókn klúbbsins um styrk vegna lagfæringa á fjórum brautum á vellinum. Samþykkt var í Byggðarráði að veita klúbbum styrk að fjárhæð 1.750.000.- kr. Þakkar Golfklúbbur Borgarness fyrir styrkveitinguna en áréttar beiðni um rekstrarstyrk til næstu ára og gerð samnings þar um. Ekki var farið í stærri vélakaup á þessu ári en huga þarf að vélakaupum í nánustu framtíð þar sem vélakostur klúbbsins er kominn til ára sinna og viðhald orðið dýrt. Á vormánuðum var farið í framræingu og þurrkun blautra svæða á vellinum. Þau svæði sem tekin voru í gegn voru á 3., 5., 6., 13., 16., og 17. braut. Tókst þessi framkvæmd vel og var m.a. til fallegur lækur við 5. braut og niður í tjörn við 6. flötina. Eins og áður hefur komið fram var umferð um völlinn með eindæmum góð í sumar. Var mikil fjölgun á vallargjaldahringjum á vellinum og voru þeir um 8200 í sumar. Miðað við 4900 árið 2018 og 7130 árið 2017. Með þessu hækkuðu vallargjaldatekjur um u.þ.b. 12 milljónir milli ára. Unnið hefur verið eftir þeirri rekstraráætlun sem sett var fram við fjárhagslega endurskipulagningu klúbbsins. Það er verið að stefna að því að vinna í haginn og til að eiga sjóði uppá að hlaupa fyrir mögru árin. Staðan er þannig núna að búið er að greiða upp yfirdráttarheimild og langtíma skuldir því engar. Aðeins er um að ræða ýmsa ógreidda reikning og ógreiddan virðisaukaskatt eins og eðlilegt er við enda reikningsárs. Rekstrarniðurstaða ársins 2019 er mjög gleðileg. Tekjur ársins 2019 voru 50,4 m.kr. Gjöld voru rétt rúmar 40 m.kr. Hagnaður fyrir fjármagnsliði og afskriftir 8,4 m.kr. Þetta er frábær niðurstaða og stefnum við áfram á sömu braut og vonum að veðurguðirnir verið okkur hliðhollir næsta sumar eins og nú í sumar. Nánar verður farið yfir ársreikning klúbbsins þegar hann verður lagður fram.

Framkvæmdir, völlurinn.

Þær stóru framkvæmdir sem að farið var í á árinu snéru að framræingu blautra svæða á 3., 5., 6., 13., 16., og 17. braut. Þá var farið í að laga brýr, teppaleggja þær og gera nýjar. Var þetta mjög góð framkvæmd og gerði völlinn okkar enn fegurri. Hamarsvöllur var umtalaður fyrir góða umhirðu og frábærar vallaraðstæður í sumar. Er það okkar besta auglýsing þegar að kylfingar ræða við aðra kylfinga um góðar aðstæður og skemmtilegan völl þegar þeir ræða við aðra. Er þetta góða umtal oft vanmetið. Plöntun trjáa var haldið áfram og ber þar helst að nefna gróðursetningu aspa við 7. og 10. braut. Eiga þau tré eftir að gefa okkur gott skjól í framtíðinni.

Starfsmannamál

Jóhannes framkvæmdastjóri var mikið úti á velli að sinna vallarumsjón. Honum til halds og trausts var Björgvin Óskar sem að sá um skrifstofuna fyrir klúbbinn og sinni þar erindum. Samtals voru 7 launaðir starfsmenn að störfum í sumar: Guðbrandur Magnússon, bifvélavirki sá um viðhald á vélum. Þegar hann var ekki í viðgerðum á vélum vann hann sem

vallarstarfsmaður. Vallarstarfsmenn: Ásmundur Þór Guðmundsson, Björgvin Óskar Bjarnason, Elías Erlendsson, Guðbrandur Magnússon, Hilmar Elís Hilmarsson, Hrannar Örn, Kristján Jakobsson, Páll Gauti Einarsson og Þórhallur Teitsson Sjálfboðaliðastarf er okkur mikilvægt á vellinum. Þar vil ég færa Þórhalli Teitssyni þakkir fyrir hans mikla framlags við umhirdu vallarins og umhverfi hans. Bergsveinn Símonarson tók einnig að sér ýmis störf. Þá setti Jón G. Ragnarsson brýrnar okkar í sparifötin. Ebba var eins og áður með sína grænu fingur á lofti og fegraði umhverfi okkar og sýndi gróðrinum okkar umhyggju og alúð. Það er ómetanlegt að eiga góða og óeigingjarna sjálfboðaliða að. Þeir gegna mikilvægu hlutverki í starfi klúbbsins og án þeirra væri reksturinn mikið erfiðari. Við færum þessum starfsmönnum, launuðum sem ólaunuðum þakkir fyrir öll þeirra góðu störf. Jóhannesi framkvæmdastjóra vil ég færa mínar bestu þakkir fyrir hans frábæra starf. Hann er búinn að færa völlinn okkar og alla aðstöðu upp á hærra plan. Þetta er perla sem við eigum og við erum rétt að byrja!

Mótahald

Haldin voru 19 innanfélagsmót á árinu. Opin mót voru 5. Það voru leiknir 3000 hringir í mótum sumarið 2019. Ákveðið var að halda nýtt Hjóna & Paramót í lok júní. Fylltist það mót fljótt og komust færri að en vildu. Sett var upp sérstök nefnd vegna framkvæmdar á þessu móti og fór það vel fram. Þetta mót verður aftur haldið næsta sumar og verður farið yfir það sem vel var gert í mótinu í sumar og hvað má gera betur í mótinu næsta sumar. Skapaði þetta mót góðar tekjur fyrir okkur. Keppendur í síðasta móti hafa forgang í mótið næsta sumar og hafa margir þátttakendur tryggt sér pláss á næsta ári. Þá var einnig annað nýtt opið mót í sumar. Kvennamót Redken Ísland. Tókst það mjög vel og var mikil ánægja með það mót. Tekjur af mótahaldi hækkuðu á milli ára úr 3,5 m.kr í 4,1 m.kr.

Fjöldi félaga, tekjur af félags- vallar og mótagjöldum

Félögum klúbbsins fjölgaði um 6 frá fyrra ári, eru nú 184. Tekjur af félags- vallar- og mótagjöldum eru nú samtals 40,5 m.kr. Voru 25,5 á síðasta ári, hafa hækkað um 15 m.kr. milli ára.

Árangur félaga GB á árinu

Arnór Tumi Finnsson og Brynhildur Sigursteinsdóttir urðu klúbbmeistarar árið 2019 Íslandsmót Golfklúbba fór fram í ágúst. Tvær sveitir tóku þátt í keppninni í ár. Sveit karla keppti í 3. deild sem fram fór í Grindavík, 16.-18. ágúst. Sveitin hafnaði í 7. sæti og leikur áfram 3. deild að ári. Sveit öldunga í karlaflokki keppti í 1. deild sem fram fór á Hólmsvelli í Leiru dagana 16.-18. ágúst. Sveitin hafnaði í 8. sæti og leikur í 2. deild að ári. Klúbburinn sendi ekki sveitir til keppni í kvennaflokki og er það áhyggjuefni og þarf að bæta úr því á næsta ári. Þá ber að nefna frábæran árangur Bjarka Péturssonar sem að komst á lokastig úrtökumót fyrir Evrópsku mótariðina í golfi. Bjarki sýndi hvað í honum býr og gafst ekki upp þótt róðurinn hafi á köflum verið erfiður. Bjarki komst ekki í gegn að þessu sinni en við hlökkum til að fylgjast með honum í framtíðinni og trúum því að Bjarki muni keppa með þeim allra bestu áður en langt um líður.

Golfkennsla

Magnús Birgisson hélt áfram að annast golfkennslu hjá klúbbnum. Voru reglulegar æfingar hjá öllum hópum. Hvetjum við félaga til að nýta sér þær opnu æfingar sem að staðið er fyrir. Æfa sinn leik undir handleiðslu Magnúsar. Einnig skal nefna það að þessir tímar eru ekki einungis fyrir félaga klúbbsins. Heldur er um að gera að taka áhugasama vini eða ættingja með á völlinn og fá leiðbeiningar hjá Magnúsi í þessum tímum. Unglinganefnd stóð fyrir Golfdögum tvisvar sinnum í sumar og vakti það lukku og var þátttaka góð. Nokkrir nýir félagar gengu í klúbbinn

eftir þá daga. Fær unglínganefnd mikið hrós fyrir þennan viðburð sem tókst að öllu leyti mjög vel. Við kennslu barna og unglínga síðasta vetur stóð Anton Elí vaktina og stóð sig með þryði. Færum við honum þakkir fyrir það. Nokkur aukning hefur verið í hópi barna og unglínga sem að sækja æfingar. En betur má ef duga skal. Við þurfum endurnýjun í klúbbinn. Þegar að við fáum ungfólkið með okkur í lið þá fáum við oft foreldrana með og fáum þá öflugra starf í kringum barna og unglíngastarfið okkar.

Samstarfsaðilar

Hér ber að nefna okkar helsta og stærsta samstarfsaðila, Hótel Hamar undir stjórn Sigurðar Ólafssonar. Samstarf klúbbsins og hótelsins hefur verið mjög gott og hlökkum við til góðs samstarfs á næstu árum. Sambúðin er að slípast meira og meira til og er tekið á þeim málum sem koma upp í góðri samvinnu. Ég vil þakka Sigurði Ólafssyni hótelstjóra og öllu starfsfólki Hótel Hamars fyrir samstarfið á undanförunum árum og þakka frábæra þjónustu.

Lokaorð

Nú hefur verið farið yfir það helsta sem bar á góma á þessu mjög svo glæsilega golfsumari. Sem er hluti af þessu svokallaða „íslenska golf vori“. Þar sem golf á Íslandi hefur haft vind í seglin og verið umtalað í fjölmiðlum. Ekki síst vegna góðs árangurs okkar bestu kylfinga á erlendri grundu. Þennan meðbyr þurfum við að nota til að virkja kraftinn í klúbbnum okkar og fá fleiri með okkur í lið. Opnum starfið okkar, bjóðum fleirum á völlinn. Sýnum aðstöðuna okkar og verum stolt þessari glæsilegu aðstöðu sem við eigum. Það er líka hægt að fara í göngutúr um völlinn og kynna golfið með þeim hætti. Þetta var mitt fyrsta ár sem formaður klúbbsins. Það er búið að vera mjög lærdómsríkt og gefandi að fá að starfa með öllu því góða fólki sem við eigum í klúbbnum. Ég vona að ég geti gefið af mér meira til klúbbsins og haldið uppi merkjum hans. Við erum á réttri leið, vinnum saman í að gera klúbbinn okkar enn betri. Við erum rétt að byrja!

F. h. stjórnar Golfklúbbs Borgarness
Guðmundur Daníelsson

Lög Ungmennasambands Borgarfjarðar

I. Kafli: Um sambandið

1. grein

Sambandið heitir Ungmennasamband Borgarfjarðar, skammstafað UMSB. Starfssvæði þess er Mýra- og Borgarfjarðarsýsla. Heimili sambandsins og varnarþing er í Borgarnesi.

2. grein

Merki sambandsins er blár skjöldur með hvíttri umgjörð. Á skildi þessum er skammstöfun sambandsins, UMSB, ásamt fjaðurpena og laxi.

3. grein

Tilgangur UMSB er að efla samhug og samvinnu íþrótt- og ungmennafélaganna á sambandssvæðinu og stuðla að fjölbreyttu íþrótt- og félagsmálastarfi þeirra í samræmi við lög UMFÍ og ÍSÍ. Ennfremur að vera sameiginlegur málsvari félaganna út á við.

4. grein

Sambandið skal á hverjum tíma starfa eftir stefnu sem mörkuð skal af sambandsþingi.

5. grein

Rétt til aðildar að sambandinu hafa þau ungmenna- og íþróttafélög sem starfa eða munu starfa á sambandssvæðinu, enda séu lög þeirra og starfsemi í samræmi við lög UMSB, UMFÍ og ÍSÍ.

6. grein

Umsóknir um inngöngu í sambandið skulu sendar til stjórnar þess ásamt eintaki af lögum viðkomandi félags, upplýsingum um stjórn og félagaskrá. Félagið telst fullgildur aðili að sambandinu við samþykki stjórnar, þó með fyrirvara um staðfestingu sambandsþings og ÍSÍ.

7. grein

Ósk um úrsögn úr sambandinu skal tilkynna skriflega til sambandsstjórnar enda hafi úrsögnin verið samþykkt á lögætum aðalfundi félagsins. Úrsögnin tekur gildi þegar stjórn hefur samþykkt hana en þó skal staðfesta hana á næsta sambandsþingi.

Eigi getur félag, sem gengur úr sambandinu, krafist endurgjalds á fé, sem það hefur lagt til sambandsins, eða nokkurs hluta af eignum þess. Úrsögn viðkomandi félags skal eigi tekin gild nema félagið sé skuldlaust við sambandið.

II. Kafli: Um aðildarfélög

8. grein

Hafi félag ekki skilað starfsskýrslum í tvö ár samfelld má stjórn UMSB gera tillögu til sambandsþings um að færa félagið á lista yfir óvirk aðildarfélög. Sé félag á lista yfir óvirk félög missir það allan rétt til greiðslna frá sambandinu og skal ekki tekið með við útreikning á slíkum greiðslum.

Óvirku félagi ber ekki skylda til að greiða gjöld til sambandsins.

9. grein

Árlega skal hvert aðildarfélag standa UMSB skil á árgjaldi af hverjum gjaldskyldum félaga í samræmi við ákvörðun sambandsþings. Eindagi gjaldanna er 15. júlí. Eftir eindaga er heimilt að skuldajafna gjaldið við inneign viðkomandi félags hjá UMSB.

10. grein

Við hver áramót skulu stjórnir sambandsfélaganna semja skýrslu um hag sinn og starfsemi, samkvæmt fyrirætlunum UMFÍ og ÍSÍ. Skýrslu þessari skal skila eigi síðar en 15. febrúar.

III. Kafli: Um sambandsþing

11. grein

Sambandsþing UMSB er æðsta vald í málefnum UMSB og skal haldið árlega, eigi síðar en 15. mars. Þó er stjórn heimilt, að fengnu samþykki formannafundar, að fresta þingi ef sérstakar ástæður liggja fyrir.

Sambandsstjórn ákveður þingstað og boðar til þings. Er það lögmætt sé það boðað með minnst eins mánaðar fyrirvara. Fundarboð, dagskrá og tillögur um breytingar á lögum sambandsins skal senda aðildarfélögum eigi síðar en 14 dögum fyrir þing.

Tillögur að lagabreytingum skulu sendar stjórn eigi síðar en þremur vikum fyrir þing. Sambandsstjóri skal enn fremur boða til aukþings telji hann þess þörf eða ef tveir þriðju sambandsaðila bera fram ósk um slíkt.

12. grein

Hvert aðildarfélag hefur rétt til að senda fulltrúa á sambandsþing. Fulltrúafjöldinn miðast við einn fulltrúa á hverja byrjaða 100 skattskylda félaga við undangengin áramót að 1000 félögum en einn fulltrúa fyrir hverja 200 félaga þar fyrir ofan. Formenn aðildarfélaganna (eða staðgenglar þeirra) eru sjálfkjörnir á þing sem fyrstu fulltrúar sinna félaga.

Atkvæðisrétt á sambandsþing hafa einungis kjörnir fulltrúar aðildarfélaganna. Einfaldur meirihluti ræður úrslitum atkvæðagreiðslna nema um lagabreytingu sé að ræða.

13. grein

Dagskrá sambandsþings:

Setning

Kosning þingforseta og ritara

Kosning kjörbréfanefndar

Skýrsla stjórnar og reikningar

Álit kjörbréfanefndar

Kosning starfsnefnda þingsins

Inntaka nýrra aðildafélaga

Umræður um skýrslu stjórnar

Ávörp gesta

Lagðar fram tillögur og lagabreytingar, þ.m.t fjárhagsáætlun og árgjald félaga

Þinghlé – nefndir starfa

Tillögur starfsnefnda þingsins til umræðu og atkvæðagreiðslu

Reikningar bornir til atkvæðagreiðslu

Kosning stjórnar

Kosning á íþróttþing ÍSÍ

Önnur mál

Pinggerð - þingslit

IV. Kafli: Um stjórn

14. grein

Stjórn sambandsins skipa fimm menn: Sambandsstjóri, varasambandsstjóri, gjaldkeri, ritari og meðstjórnandi.

Sambandsstjóri skal kjörinn til eins árs í senn en kjörtímabil annarra stjórnarmanna skal vera tvö ár. Þannig skulu annað árið kjörnir varasambandsstjóri og gjaldkeri og varamenn þeirra en hitt árið ritari og meðstjórnandi og varamenn þeirra.

Gefi stjórnarmaður, sem sitja skyldi áfram eftir lögum þessum, kost á sér í starf sambandsstjóra eða annað starf innan stjórnar er heimilt að kjósa hann til þess og þá annan mann í hans stað fyrir þann tíma sem eftir er af kjörtímabilinu. Ennfremur skulu árlega kjörnir tveir skoðunarmenn reikninga og tveir til vara. Reikningsár skal vera almanaksárið.

15. grein

Sambandsstjórn heldur fundi svo oft sem þurfa þykir. Skal boða alla stjórnarmenn eða varamenn í þeirra stað geti aðalmenn ekki mætt. Stjórn sambandsins hefur á hendi stjórn sameiginlegra mála aðildarféлага sambandsins milli þinga, eftir þeim reglum og innan þeirra takmarkana sem lög og þingsamþykktir setja. Hún veitir móttöku öllu því fé er sambandinu áskotnast, ávaxtar sjóði þess og fer með þá samkvæmt gildandi fjárhagsáætlun. Kaup og sala á fasteignum sambandsins er bundin samþykktum sambandsþings.

16. grein

Stjórn sambandsins skal boða formenn allra aðildarféлага og deilda þeirra til fundar eigi sjaldnar en tvisvar á ári, ásamt formönnum einstakra nefnda þegar ástæða þykir til. Skylt er formönnum að senda fulltrúa í sinn stað geti þeir ekki mætt.

Atkvæðisrétt á formannafundum hafa stjórn sambandsins og fulltrúar féлага en nefndarmenn aðeins ef um sér málefni þeirra er að ræða. Aldrei fer þó einn og sami maður með nema eitt atkvæði.

17. grein

Rísi ágreiningur um lög eða reglur sambandsins úrskurðar stjórnin um það en þeirri niðurstöðu má skjóta til næsta sambandsþings.

V. Kafli: Önnur ákvæði

18. grein

Til breytingar á lögum þessum þarf 2/3 hluta atkvæða mættra fulltrúa á lögættu sambandsþingi.

19. grein

Ef sambandið leysist upp eða hættir störfum skulu allar eignir þess renna í sjóð sem verði í vörslu UMFÍ en þó ávaxtaður í fjármálastofnun. Höfuðstól sjóðsins má eigi skerða en ráðstafa má 2/3 ársávöxtunar til íþrótt- og æskulýðsstarfs á sambandssvæði UMSB. Verði nýtt samband stofnað sem stefnir að sömu markmiðum og UMSB á sambandssvæðinu skulu eignir UMSB renna til þess.

20. grein

Lög þessi öðlast þegar gildi og eru með þeim úr gildi numin öll eldri lög sambandsins.

Ungmennasamband Borgarfjarðar



Ársreikningur 2019

Ungmennasamband Borgarfjarðar

Ársreikningur Ungmennasambands Borgarfjarðar fyrir árið 2019 hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning og sundurliðanir. Samkvæmt rekstrarreikningi er hagnaður ársins 1.256 þús. kr. og eigið fé í árslok er 14,2 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi. Ársreikningurinn er á ábyrgð stjórnar sambandsins og samþykkir stjórn og framkvæmdastjóri ársreikninginn fyrir árið 2019 með undirritun sinni.

Borgarnesi 12.3.2020

Stjórn:

Björgvinur S. —
Sigríður Guðbj. Bjarnadóttir
Þjárnir Þór Traustason
Rakel Guðjónsdóttir
Guðrun H. Þorvaldsson

Framkvæmdsstjóri:

Sigríður Guðmundsson

Ég hef aðstoðað stjórnendur Ungmennasambands Borgarfjarðar við gerð ársreiknings sambandsins fyrir árið 2019. Ársreikningurinn er byggður á bókhaldi félagsins sem fært er af okkur. Við höfum ekki framkvæmt endurskoðun.

Borgarnesi 10.3. 2020

Lágvur Bragaflokkur

Við undirritaðir kjörnir skoðunarmenn Ungmennafélags Borgarfjarðar höfum yfirfarið ársreikning sambandsins fyrir árið 2019. Teljum við hann sýna rétta mynd af rekstri sambandsins á árinu 2019 og efnahag þess í árslok 2019. Leggjum við til að ársreikningurinn verði samþykktur.

Borgarnesi 12.3.2020

Ólafur Þ. Þorvaldsson
Sigríður Guðmundsson

Ungmennasamband Borgarfjarðar

Ársreikningur 2019

Rekstrarreikningur 2019

	Skýr.	Áætlun 2019	2019	2018
Rekstrartekjur				
Félagaskattur	1	1.333.800	1.333.800	1.333.800
Framlög og styrkir	2	21.218.027	22.756.960	19.869.308
Lottó	3	8.200.000	9.249.382	8.567.646
Húsa- og vallarleigutekjur	4	29.613.165	28.654.000	27.972.928
Rekstrartekjur alls		60.364.992	61.994.142	57.743.682
Rekstrargjöld				
Laun og verktakagreiðslur	5	17.676.158	17.995.567	17.754.985
Styrkir til aðildarféлага	6	9.109.657	10.442.518	8.626.443
Kostnaður v/ mótahalds	7	450.000	119.549	86.622
Rekstur mannvirkja	8	29.271.168	28.667.427	27.756.240
Rekstur skrifstofu	9	1.403.422	1.361.523	1.429.077
Kynning, fræðsla, útbreiðsla	10	1.080.000	744.176	641.095
Afskriftir rekstrarfjármuna			800.780	0
Rekstrargjöld alls		58.990.405	60.131.540	56.294.462
Rekstrarafkoma án fjármuna og fjármagnsliða		1.374.587	1.862.602	1.449.220
Fjármunatekjur-fjármagnsgjöld				
Fjármunatekjur			63.558	78.807
Fjármagnsgjöld			(41.523)	(166.204)
			22.035	(87.397)
Rekstrarafkoma tímabils			1.884.637	1.361.823

Efnahagsreikningur 2019

	Skýr.	2019	2018
Fastafjármunir	11	7.174.781	7.975.561
Fastafjármunir samtals		7.174.781	7.975.561
Veltufjármunir			
Skammtímakröfur		1.230.258	819.726
Handbært fé	12	14.667.098	12.056.023
Veltufjármunir samtals		15.897.356	12.875.749
Eignir samtals		23.072.137	20.851.310

Efnahagsreikningur 2019

Óráðstafað eigið fé		8.166.838	6.805.015
Endurmatsreikningur		4.773.027	4.773.027
Afkoma ársins		1.884.637	1.361.823
Eigið fé samtals		14.824.502	12.939.865
Skammtímaskuldir			
Ógr. Laun og launatengd gjöld	13	505.022	1.558.755
Aðrar skammtímaskuldir		3.957.247	3.048.112
Afreksmannasjóður	14	3.785.366	3.304.578
Skammtímaskuldir samtals		8.247.635	7.911.445
Skuldir og eigið fé samtals		23.072.137	20.851.310

Sundurliðanir

1. Félagaskattur

Félagaskattur		1.333.800	1.333.800
		1.333.800	1.333.800

2. Framlög og styrkir

Styrkir ÍSí og UMFÍ

Útbreiðslustyrkir ÍSí	562.711	437.190
Fræðslu og verkefnasjóður UMFÍ	0	425.000
	562.711	862.190

Styrkir, bæjarfélag

Styrkir frá sveitarfélögum	20.910.396	18.878.766
Skorradalshreppur	155.453	0
	21.065.849	18.878.766

Aðrir styrktaraðilar

Ísl Getraunir 3% héraðssamb.	63.400	63.352
Styrkur frá KPMG	1.000.000	0
Íslensk Getspá auglýsing	65.000	65.000
	1.128.400	128.352

3. Lottó

Lottó ÍSí	3.739.866	3.317.282
Lottó UMFÍ	5.509.516	5.250.364
	9.249.382	8.567.646

4. Húsa- og vallarleigutekjur

Húsaleiga	780.000	735.000
Tjaldleiga	40.000	40.000
Umhirða íþróttavalla	6.000.000	6.000.000
Reiknuð leiga íþróttamannvirkja	21.834.000	21.197.928
Húsa og vallarleigutekjur	28.654.000	27.972.928

Heildartekjur samtals

	61.994.142	57.743.682
--	-------------------	-------------------

5. Laun og verktakagreiðslur

Laun skrifstofu	12.631.009	12.052.780
Tryggingagjald	1.041.289	1.015.822
Lífeyrissjóður	1.691.377	1.532.562
Orlofs- og sjúkrasjóður	206.723	198.178
Slysatryggingar	18.109	17.483
Laun og verktakagreiðslur	15.588.507	14.816.825

Bifreiðakostnaður	1.557.060	1.286.160
Dagpeningar	850.000	830.400
Bifreiðaskostnaður og dagpeningar	2.407.060	2.116.560
Verktakagreiðslur	0	821.600
Verktakagreiðslur	0	821.600
Laun og verktakagreiðslur alls	17.995.567	17.754.985
6. Styrkir til aðildarfélaga		
Aðildarfélög v lottó	4.798.997	4.169.379
Afreksmannasjóður v lottó	488.063	255.248
Starfsstyrkir til aðildarfélaga	4.441.917	4.129.816
Körfuknattleiksdeild (KPMG)	373.541	0
Ferðastyrkir	340.000	72.000
Styrkir til aðildarfélaga alls	10.442.518	8.626.443
7. Kostnaður v/ mótahalds		
Verðlaunapeningar	28.520	73.610
Kostnaður móts	91.029	13.012
Kostnaður v/ mótahalds alls	119.549	86.622
8. Rekstur mannvirkja		
Reiknuð leiga íþróttamannvirkja	21.834.000	21.197.928
Umhirða íþróttavalla	6.000.000	6.000.000
Rekstur Borgarbraut 61		
Tryggingar	31.241	29.818
Viðhald - Málun	276.620	56.423
Fasteignagjöld	15.000	14.280
Vatns- og fráveitugjöld	55.707	57.500
Annar kostnaður	52.674	103.683
Sameiginlegur kostnaður	402.185	296.608
Rekstur mannvirkja alls	28.667.427	27.756.240

9. Rekstur skrifstofu

Sími	270.541	322.983
Ritföng, prenthylki og annar skrifst.kostn	100.223	160.937
Kostnaður v funda	250.270	220.893
Skrifborð og önnur áhöld	86.800	24.969
Tölvukostnaður	56.536	37.213
Bókhaldskostnaður	351.192	494.704
Kostnaður v ársskýrslu	178.605	89.631
Innheimtakerfi NORI / Greiðslumiðlun	67.356	77.727
Rekstur skrifstofu	1.361.523	1.429.057

10. Kynning fræðsla og útbreiðsla

Námskeiðsgjöld		16.540
Ferðakostnaður v/námskeiða	75.000	0
Styrkir	25.620	0
Fréttabréf / auglýsingar	181.195	138.608
Heimasíða	73.150	102.404
Íþróttamaður Borgarfjarðar	227.840	89.631
Þing- og samráðsfundir	112.590	280.000
Námskeið	48.781	13.912
Kynning fræðsla og útbreiðsla	744.176	641.095

11. Varanlegir rekstrarfjármunir

Borgarbraut 61	6.874.928	6.874.928
Hluti í þinghamri	4.001	4.001
Safnahús	3.000	3.000
Íþróttavöllur Varmalandi	7.043	7.043
Tölva og fylgihlutir	55.269	55.269
Húsgögn	38.414	38.414
Tjald	42.126	42.126
Íþróttaráhöld (afskrifaðá árinu 2019)	150.000	950.780
Varanlegir rekstrarfjármunir samtals	7.174.781	7.975.561

12. Handbært fé

Bankareikningur 59	12.528.119	9.520.764
Bankareikningur 552045	2.138.979	2.535.259
Handbært fé samtals	14.667.098	12.056.023

13. Ógreidd laun og launatengd gjöld

Ógreidd laun	0	972.895
Ógreiddur lífeyrissjóður og stéttarfélagsgj.	252.137	264.083
Ógreidd staðgreiðsla og tryggingagjald	252.885	315.558
Ógreiddir skattar utan staðgreiðslu	0	6.219
Ógr. laun og launatengd gj.	505.022	1.558.755

Ungmennasamband Borgarfjarðar

Afreksmannasjóður - Ársreikningur 2019

14. Afreksmannasjóður

Staða í upphafi árs	3.304.578	3.382.002
Framlög v/lottó	488.063	442.679
Framlag Borgarbyggð	333.433	333.433
Framlag Skorradalshreppur	55.572	55.572
Styrkir	(420.000)	(760.000)
Vextir	23.720	38.323
leiðrétting v / 2017	0	(187.431)
Varanlegir rekstrarfjármunir samtals	3.785.366	3.304.578

Rekstrartekjur

Framlög v/ lottó	488.063	442.679
Framlag Borgarbyggð	333.433	333.433
Framlag Skorradalshreppur	55.572	55.572
Vextir	23.720	49.132
Tekjur samtals	900.788	880.816

Rekstrargjöld

Styrkir	420.000	670.000
leiðrétting v / 2017	0	187.431
Vextir	0	10.809
Gjöld samtals	420.000	670.000

Rekstrarniðurstaða

480.788	210.816
----------------	----------------

Efnahagsreikningur

Eignir

Bankareikningur	2.138.979	2.535.259
Krafa á UMBS	1.646.387	769.319
Eignir samtals	3.785.366	3.304.578

Eigið fé

Óráðstafað eigið fé	3.785.366	3.304.578
----------------------------	------------------	------------------

